

Þróun strandveiða á tímabilinu 2009-2017 og framgangur veiðanna árið 2017

Unnið af Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri
fyrir Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið
Desember 2017

Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	iii
Töfluskrá.....	iv
1 Inngangur.....	1
2 Úttektin.....	1
2.1 Tildrög.....	1
2.2 Umsjón.....	1
2.3 Markmið.....	2
2.4 Umfang.....	2
2.5 Efnistöð.....	2
3. Upphaf strandveiða og þróun regluverks í kringum veiðarnar.....	3
3.1 Fyrsta ár strandveiðanna.....	3
3.2 Strandveiðar festar í lög.....	4
4. Gagnaöflun og aðferðafræði.....	5
4.1 Spurningalisti til útgerðaraðila.....	5
5. Þróun strandveiðanna 2009-2017.....	6
5.1 Heildaraflamark og landaður afli.....	6
5.2 Fjöldi báta.....	8
5.2.1 Hvernig bátar stunda strandveiðar.....	9
5.3 Dagafjöldi.....	10
5.4 Landanir.....	11
5.4.1 Þorskígildisstuðlar.....	11
5.4.2 Heildarfjöldi landana.....	12
5.4.3 Landaður afli.....	14
5.5 Aflaverðmæti.....	16
5.6 Gæði afla.....	18
6. Útgerðaraðilar.....	19
6.1 Bakgrunnur.....	19
6.1.1 Nýliðun.....	21
6.2 Útgerð og eignarhald.....	21
6.2.1 Yfirráð yfir útgerð, aflahlutdeild og kvótaleiga.....	21
6.2.2 Bátaflotinn.....	22
6.3. Veiðarnar.....	23
6.3.1 Sjómennska og aflabrögð.....	23
6.3.2 Gæði, verð og afdrif afla.....	25
6.3.3 Undirbúningskostnaður, aflaverðmæti og tekjur.....	25
6.3.4 Samfélagsleg ábyrgð.....	26
6.4 Mat á fyrirkomulagi veiðanna.....	26
6.4.1 Aflahámark og lengd veiðiferðar.....	26
6.4.2 Dagatakmarkanir og fyrirkomulag banndaga.....	27
6.4.3 Aflaheimildir og skipting svæða.....	28
6.4.4 Veiðitímabil strandveiða.....	29
6.4.5 Heildarmat á fyrirkomulaginu, framtíðarhorfur og tillögur að breytingum.....	30
7. Samantekt.....	33
7.1 Svæði A.....	36
7.2 Svæði B.....	37
7.3 Svæði C.....	38
7.4 Svæði D.....	39
8. Umræður.....	40
9. Heimildaskrá.....	41
Viðauki. Spurningalisti sem lagður var fyrir.....	42

Myndaskrá

Mynd 1. Árleg skipting báta á milli svæða.....	9
Mynd 2. Fjöldi báta að veiðum.....	9
Mynd 3. Strandveiðibátar.....	10
Mynd 4. Strandveiðidagar.....	11
Mynd 5. Þróun leyfilegs ufsaafla.....	12
Mynd 6. Landanir.....	13
Mynd 7. Meðafli.....	14
Mynd 8. Aflasamsetning eftir svæðum á árunum 2009-2017.....	15
Mynd 9. Verð afla.....	17
Mynd 10. Þorskígildisverð.....	17
Mynd 11. Aflaverð.....	19
Mynd 12. Brottkast.....	24
Mynd 13. Verð strandveiðiafla.....	25
Mynd 14. Aukið frelsi til veiða.....	28
Mynd 15. Viðhorf útgerðarmanna til upphafs strandveiðitímabilsins.....	30
Mynd 16. Viðhorf útgerðarmanna til lengdar strandveiðitímabilsins.....	30
Mynd 17. Viðhorf útgerðarmanna til núverandi strandveiðikerfis.....	31

Töfluskrá

Tafla 1. Fjöldi svara við spurningalista árið 2017.	5
Tafla 2. Heildarúthlutun afla og veiddur heildaraflí á árunum 2009-2017.....	6
Tafla 3. Hlutfall af heildaraflamarki og breyting aflamarks.....	7
Tafla 4. Úthlutað aflamark strandveiða, þorsks, ufsa og annarra fiskistofna eftir árum.	7
Tafla 5. Dreifing aflamarks.....	7
Tafla 6. Fjöldi báta á strandveiðum eftir svæðum og árum.	8
Tafla 7. Fjöldi mánaða þar sem ekki kom til stöðvunar veiða.	10
Tafla 8. Þorskígildisstuðull mismunandi tegunda eftir árum.....	11
Tafla 9. Heildarfjöldi landana eftir árum.	13
Tafla 10. Strandveiðiafli eftir tegundum.	14
Tafla 11. Hlutfall helstu tegunda af heildarafla eftir árum.....	15
Tafla 12. Umframafli þorsks eftir árum.	16
Tafla 13. Aflaverðmæti strandveiða eftir árum og tegundum.	16
Tafla 14. Aldursdreifing strandveiðisjómanna.	19
Tafla 15. Bakgrunnur útgerðaraðila.	20
Tafla 16. Afkoma strandveiðisjómanna.....	20
Tafla 17. Flutningar báta á milli svæða.....	21
Tafla 18. Upphaf strandveiða meðal sjómanna.	21
Tafla 19. Aflaheimildir og kvótaleiga strandveiðibáta.....	22
Tafla 20. Mikilvægi strandveiða fyrir sjómenn.	22
Tafla 21. Meðalaldur strandveiðibáta.	22
Tafla 22. Fjarvera frá veiðum.....	23
Tafla 23. Handfærarúllur um borð.	23
Tafla 24. Gengi strandveiðanna 2017.....	24
Tafla 25. Kostnaður og tekjur.	25
Tafla 26. Efnahags- og samfélagslegt mikilvæði strandveiða.....	26
Tafla 27. Dagshámark.	27
Tafla 28. Banndagar.....	27
Tafla 29. Svæðaskipting og afli.	29
Tafla 30. Veiðitímabilið.....	29
Tafla 31. Afli og aflaverðmæti á bát á svæði A eftir árum.....	36
Tafla 32. Afli og aflaverðmæti á bát á svæði B eftir árum.....	37
Tafla 33. Afli og aflaverðmæti á bát á svæði C eftir árum.....	38
Tafla 34. Afli og aflaverðmæti á bát á svæði D eftir árum.	39

1 Inngangur

Þann 31. ágúst sl. lauk nýafstöðnu strandveiðitímabili þegar síðasta afla vertíðarinnar var landað á svæði D. Þar með kláraðist 9. sumarið á strandveiðum síðan lög nr. 66 þann 19. júní 2009 um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða voru heimiluð. Engar stórvægilegar breytingar hafa verið gerðar á kerfinu síðan það var fest í lög og hafa strandveiðarnar fest sig í sessi sem hluti af íslenskum sjávarútvegi.

Þrátt fyrir að reglugerðir hafi lítið breyst hefur ytra umhverfi strandveiða tekið miklum stakkaskiptum síðan 2009. Aðstæður til reksturs strandveiðiútgerðar eru allt aðrar í dag en þær voru fyrir tæpum áratug síðan. Verð voru til að mynda mjög lág sumarið 2017 og byrjuðu strandveiðisjómenn í fyrsta skipti að flytja sjálfir út á markað í Bretlandi. Strandveiðarnar hafa einnig í vaxandi mæli verið vinsælt myndefni erlendra ferðamanna og hafa sumir þeirra lýst áhuga á að borga fyrir að fara á stakan túr um borð á strandveiðibát.

Í verkefninu voru ytri þættir ásamt tölulegum gögnum sem fengust frá Fiskistofu, Hagstofu og Verðlagsstofu skiptaverðs notuð til að greina þróun veiðanna. Send var út könnun meðal þeirra sem gera út á strandveiðar árið 2017 og þeir spurðir ýmissa spurninga sem varða veiðarnar. Við gerð spurningalista var lítið til spurningalista og svara strandveiðisjómanna við könnun sem gerð var af Háskólasetri Vestfjarða að afloknu fyrsta ári strandveiðanna árið 2009. Könnunin í ár reynir að varpa ljósi á hverjir það eru sem stunda strandveiðarnar og hvernig þeim vegnar, eins hvort upphaflegum markmiðum strandveiðanna hafi verið náð og hvað þeim sem stunda veiðarnar finnst að megi betur fara hvað varðar veiðarnar.

2 Úttektin

2.1 Tildrög

Í janúar 2010 var gefin út skýrsla sem hét „Úttekt á framgangi og áhrifum strandveiðanna sumarið 2009“. Skýrslan var unnin af Háskólasetri Vestfjarða fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Síðastliðið sumar leitaði Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið til Háskólans á Akureyri um samvinnu við gerð svipaðrar úttektar og árið 2010. Þessi skýrsla var unnin af Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri sem sérverkefni í samningi á milli Sjávarútvegsmiðstöðvar og ráðuneytisins. Skýrslan er hugsuð sem uppfærsla á fyrri skýrslu og ný úttekt gerð á strandveiðunum yfir árin 2009-2017.

2.2 Umsjón

Úttektin var unnin af Fannari Frey Magnússyni, sjávarútvegs- og viðskiptafræðingi frá Háskólanum á Akureyri. Verkefnisstjóri var Gunnar Þór Halldórsson verkefnastjóri Sjávarútvegsmiðstöðvar við HA og yfirumsjón verkefnisins var í höndum Rannveigar Björnsdóttur, forseta Viðskipta- og raunvísindasviðs Háskólans á Akureyri.

Nýr spurningalisti var unninn af sjávarútvegsfræðingunum Unni Ingu Kristinsdóttur og Þórhildi Sigurðardóttur. Spurningalistinn var unninn með hliðsjón af þeim lista sem lagður var fyrir við fyrri úttekt árið 2009 og einnig með hliðsjón af spurningalista sem lagður var fyrir í lokaverkefninu „Ávinningur landsbyggðarinnar af strandveiðum“ sem Inga Rut Hjartardóttir vann til BS prófs frá Háskólanum á Akureyri vorið 2014. Fannar Freyr Magnússon tók þá við og vann að uppsetningu verkefnisins, gagnaöflun, úrvinnslu og skýrslugerð. Umsjónaraðilar

verkefnisins vilja þakka öllum þeim tæplega 300 strandveiðisjómönnum sem sáu sér fært að svara spurningalistanum. Fiskistofa fær einnig sérstakar þakkir fyrir að afla upplýsinga um útgerðir sem tóku þátt í strandveiðunum árið 2017. Hagstofa Íslands fær þakkir fyrir gögn um aflaverðmæti strandveiðanna og Verðlagsstofa skiptaverðs þakkir fyrir aðgengi að meðalfiskverði síðustu ára.

2.3 Markmið

Úttektinni er ætlað að varpa ljósi á stöðu strandveiða 2017. Strandveiðarnar 2009 voru í raun tilraunaverkefni þar sem árangur veiðanna var metinn í kjölfarið. Úttektin 2010 lýsir því aðstæðum þegar veiðarnar voru að stíga sín fyrstu spor. Með úttektinni 2017 er verið að kanna hvort þau markmið sem sett voru í byrjun strandveiðanna hafi haldist í gegnum árin og niðurstöður þessara tveggja kannana eru bornar saman til að skoða þær breytingar sem hafa orðið á þeim 9 árum sem liðin eru frá því strandveiðar hófust. Út frá niðurstöðum verður reynt að meta hvort veiðarnar hafi náð þeim árangri sem lagt var upp með í upphafi.

2.4 Umfang

Úttektin nær til útgerðarmanna sem komu að veiðunum árið 2017 sem og gagna sem hinar ýmsu stofnanir hafa safnað um veiðarnar í tímabilinu 2009-2017. Svör útgerðarmanna gefa innsýn í það hvað þeim sem stunda strandveiðar finnst um þær árið 2017. Einnig gefa svörin mikilvægar upplýsingar um þá sem stunda strandveiðar, hvernig aldursbilið er, kynjaskipting og hvort strandveiðarnar hafa stuðlað að nýliðun innan greinarinnar. Töluleg gögn sýna m.a. hvernig þróun aflasamsetningar er á bátunum og fjölda skipa sem stunda veiðarnar. Lagt er mat á þessi gögn til að skýra út hvernig strandveiðarnar hafa þróast og munu mögulega þróast í framtíðinni.

Ekki var haft samband við hagsmunaaðila líkt og var gert árið 2009 þar sem fjármagn til verkefnisins var takmarkað. Slíkt hefði kallað á mun víðtækari og fjárfrekari könnun á skoðunum markaða sem taka við aflanum svo og öðrum þeim sem tengjst strandveiðunum með beinum jafnt sem óbeinum hætti víðs vegar um landið. Þetta væri þó áhugavert að gera í framhaldinu.

Það er ósk höfunda að skýrslan muni gefa lesanda góða innsýn í hvernig strandveiðar hafa þróast á árunum 2009-2017 og veiti stjórnvöldum upplýsingar sem aðstoði við að taka farsælar ákvarðanir þegar kemur að mótun strandveiða og hvernig fyrirkomulag veiðanna verði næstu árin.

2.5 Efnistöð

Skýrslan er sett upp þannig að byrjað verður á að kynna aðdraganda veiðanna og hvernig lög og reglugerðir hafa þróast (kafla 3). Rýnt verður í hver upphafleg markmið veiðanna voru og ástæður þeirra breytinga sem gerðar voru á lögunum á þessu tímabili.

Í kjölfarið fylgir lýsing á gagnaöflun og aðferðafræði (kafla 4) þar sem greint er frá þeim gögnum sem notuð voru í úttektinni. Mikið af þeirri tölfræði sem notast var við kemur úr opinberum gögnum en einnig verður stuðst við spurningalista sem sendur var á útgerðarmenn. Útlistað verður hvernig að könnuninni var staðið, aðferðafræði og svarhlutfall.

Þróun strandveiða á árunum 2009-2017 er lýst í kafla 5 út frá opinberum gögnum sem nálgast má hjá Fiskistofu. Borin er saman sjósókn, landanir og aflaverðmæti ár frá ári og hún einnig

skoðuð út frá svæðaskiptingu strandveiða. Reynt verður að útskýra þróunina út frá ytri og innri þáttum sem gætu orsakað ákveðnar sveiflur sem orðið hafa á milli ára.

Í kafla 6 er gerð grein fyrir niðurstöðum svara við spurningalistanum sem sendur var til strandveiðisjómana. Spurningalistinn tekur á ýmsum þáttum sem varða veiðarnar m.a. hverjir stunda veiðarnar, hvernig veiðunum er háttað, hvernig meðferð var á afla, hvernig afkoman var árið 2017 og hvaða skoðun þeir hefðu á fyrirkomulagi strandveiðanna.

Lagt er mat á hvort væntingar og markmið sem stjórnámálamenn settu með tilkomu strandveiðikerfisins hafi borið tilætlaðan árangur. Að lokum eru framtíðarhorfur veiðanna reifaðar og settar fram hugmyndir um hvernig breyta megi kerfinu til betri vegar.

3. Upphaf strandveiða og þróun regluverks í kringum veiðarnar

3.1 Fyrsta ár strandveiðanna

Raddir um frjálssar handfæraveiðar voru háværar eftir að smábátaveiðar voru innlimaðar í kvótakerfið á síðasta áratug 20. aldar. Takmarkað aðgengi að auðlindinni var harðlega gagnrýnt þar sem eina leiðin til að hefja útgerð var annað hvort að skuldsetja sig eða leigja til sín kvóta. Tveir vestfirskir sjómenn töldu að kerfið væri brot á jafnræðisreglu 26. gr. alþjóðasamninga um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi vegna þess hvernig einungis útvaldir fengu aðgang að miðunum í formi kvótaúthlutunar. Þeir skutu því málinu til mannréttindanefndar Sameinuðu Þjóðanna sem ályktaði í áliti nr. 1306/2004 árið 2007 að íslensk stjórnvöld hefðu gerst brotleg gegn 26. grein alþjóðasamnings og hefðu 180 daga til að kynna breytingar sem miðuðu að finna lausn á þessu broti (Einar Pálsson, 2012).

Strandveiðarnar voru kynntar á ríkisstjórnarfundum þann 14. apríl 2009 af þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Steingrími J. Sigfússyni, til að koma til móts við gagnrýni á stjórn fiskveiða (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2009a). Meginforsendur fyrir veiðunum voru eftirfarandi:

- Ráðstafað væri 8.627 tonnum af óslægðum botnfiski til strandveiða á yfirstandandi fiskveiðiári.
 - Heimildum yrði ekki úthlutað.
 - Veiðarnar yrðu frjálssar, en almennar skorður takmarki og dreifi sókn.
 - Tryggð yrði góð umgengni um sjávarauðlindina og ábyrg nýting fiskistofna.
 - Réttur til strandveiða kæmi í hlut hinna dreifðu sjávarbyggða um allt land.
 - Byggðakvóti í núverandi mynd yrði lagður niður.
 - Bátar sem fá leyfi til strandveiða stundi ekki aðrar atvinnuveiðar á sama tímabili.
 - Veiðarnar skapi ekki varanlegan rétt til veiða og enginn réttur framseljanlegur.
- (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2009b).

Tafir urðu á því að kerfinu væri komið í gagnið og gátu veiðar ekki hafist fyrr en í lok júní 2009. Jón Bjarnason tók við sem sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra eftir kosningar og var eitt af helstu stefnumálum hans að koma kerfinu í gagnið. Þann 19. júní voru lög nr 66/2009, um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, samþykkt og innhéldu þau bráðabirgðaákvæði sem gæfi ráðherra heimild til að gangsetja strandveiðar. Reglugerð um strandveiðar fiskveiðiárið 2008/2009 var gefin út 25. júní 2009 (Reglugerð nr. 550/2009) undirrituð af Jóni Bjarnasyni á flotbyggjunni fyrir framan gömlu verbúðirnar í Reykjavík (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2009b). Fjórum dögum síðar hófust strandveiðar og

var afli tæp 23 tonn (mbl.is, 2009). Landinu var þá skipt upp í fjögur svæði A-D með eftirfarandi hætti:

- A. Eyja- og Miklaholtshreppur – Skagabyggð.
- B. Sveitarfélagið Skagafjörður – Grýtubakkahreppur.
- C. Þingeyjarsveit – Djúpavogshreppur.
- D. Sveitarfélagið Hornafjörður – Borgarbyggð.

Heildar aflaheimildum var dreift á þessi fjögur svæði, m.a. með hliðsjón af byggðakvóta svæðanna, og aflaheimildunum ennfremur deilt á mánuði. Þar sem langt var liðið á júnímánuð þegar veiðar hófust árið 2009 fluttust óveiddar heimildir júnímánaðar yfir í júlí (Reglugerð nr. 550/2009). Leyfi til handfæraveiða á strandveiðum voru í upphafi bundin eftirfarandi skilyrðum:

- Óheimilt var að stunda veiðar föstudaga og laugardaga.
- Hver veiðiferð skyldi eigi standa lengur en 14 klukkustundir. Miðað var við þann tíma er fiskiskip lætur úr höfn til veiða til þess er það kemur til hafnar aftur til löndunar. Aðeins var heimilt að fara í eina veiðiferð á hverjum degi. Nái bátur af óviðráðanlegum ástæðum, s.s. vegna vélarbilunar, ekki til hafnar innan 14 klukkustunda frá upphafi veiðiferðar gæti Fiskistofa þó, að fengnum skýringum útgerðar, fallist á að skilyrði þessa töluliðar væru uppfyllt.
- Fiskiskip skyldi hafa um borð sjálfvirkan fjareftirlitsbúnað og væri hin sjálfvirka skráning lögð til grundvallar við útreikning sóknar. Óheimilt væri að fara í veiðiferð nema fjareftirlitsbúnaður um borð væri virkur. Verði búnaður óvirkur í veiðiferð, skyldi strax tilkynna það til Landhelgisgæslu og halda tafarlaust til hafnar til löndunar.
- Ekki var heimilt að hafa fleiri en fjórar handfærarúllur um borð. Engin önnur veiðarfæri en handfærarúllur skyldu vera um borð.
- Á hverju fiskiskipi var aðeins heimilt að draga 800 kg af kvótabundnum tegundum, miðað við óslægðan afla, í hverri veiðiferð.
- Skylt var að landa öllum afla í lok hverrar veiðiferðar og skyldi hann veginn og skráður endanlega hér á landi (Reglugerð nr. 550/2009).

Breyting var gerð á reglugerðinni í lok júlí þegar sett var inn að veiðar í ágúst mánuði skildu hefjast þriðjudaginn 4. ágúst og þar með var gefið frí á frídegi verslunarmanna sem ekki var tekið tillit til áður (Reglugerð nr. 667/2009).

3.2 Strandveiðar festar í lög

Lög nr. 32/2010 og nr. 33/2010 voru samþykkt 30. apríl og gerðu því heimildir sem sjávarútvegsráðherra veitti með bráðabirgðalögum frá 2009 varanlegar. Nokkrar breytingar voru gerðar til viðbótar við aukningu aflaheimilda. Föstudagar voru teknir út sem leyfilegir veiðidagar á strandveiðunum, almennir frídagar voru settir inn sem bann dagar og aflahámarkinu var breytt úr 800 kg af kvótabundnum tegundum, miðað við óslægðan afla, í 650 kg í þorskígildum talið. Mikilvægt ákvæði var sett inn í lögina að einungis mátti veita útgerð, einstakling, eiganda eða lögaðila að bát eitt leyfi til strandveiða til að forðast það að leyfi söfnuðust saman á fáa aðila. Til að auka öryggi um borð var einnig sett skylda um að öll skip innhéldu sjálfvirkan fjareftirlitsbúnað (Reglugerð 384/2010).

Frá lagasetningunni 2010 til dagsins í dag hafa breytingar sem gerðar hafa verið á strandveiðum ár frá ári verið smávægilegar. Meðal helstu breytinga sem náðu til strandveiðanna var að veiðigjald var sett á með lögum 15. júlí 2011. Sjöunda ákvæðinu var

bætt inn fyrir strandveiðarnar 2012 þar sem Fiskistofu var heimilt að krefjast gagna frá lögaðilum um eignarhald, aðgang að ársreikningum og upplýsingum úr hlutafélagaskrá til að sannreyna skilyrði 3. mgr. 3. gr. Að öðru leyti hafa breytingar verið smávægilegar og aðallega snúið að heildar aflaheimildum sem veitt hefur verið í kerfið og skiptingu þessara heimilda milli svæða (Reglugerð nr.709/2011og Reglugerð 322/2017).

4. Gagnaöflun og aðferðafræði

Skýrslan er að mestu leyti unnin upp úr svörum við spurningalista sem sendur var út haustið 2017 til þeirrasem gerðu út á strandveiðar sumarið 2017. Einnig var stuðst við tölfraeðigögn sem safnað hafði verið af Fiskistofu, Verðlagsstofu skiptaverðsog Hagstofu Íslands. Skýrslur frá Matís voru ennfremur notaðar til að skýra frá gæðamálum veiðanna þar sem við átti.

Þáttur útgerðarmanna vóg mest í úttektinni þar sem leitað var eftir þeirra sýn á stöðu veiðanna árið 2017. Voru útgerðarmenn beðnir um að svara 59 stuttum spurningum sem sneru m.a. að því hverjir stunduðu strandveiðarnar, framgangi veiðanna og afkomu veiðanna auk þess sem þeim gafst kostur á því að koma sínum hugmyndum um betrubætur á framfæri.

Reynt var eftir fremsta megni að meta samfélagsleg áhrif veiðanna en vegna takmarkaðs fjármagns var þó ekki farið í ítarlega rannsóknvinnu á hagsmunahópum sem tengjast veiðunum. Því er í skýrslunni einnig stuðst við aðrar rannsóknir sem hafa verið gerðar á strandveiðum til að meta samfélagsleg áhrif strandveiðanna.

4.1 Spurningalisti til útgerðaraðila

Spurningalistinn var sendur á alla útgerðarmenn sem gerðu út á strandveiðar sumarið 2017. Upplýsingar um netföng einstaklinga fengust með aðstoð Fiskistofu. Alls voru um 593 bátar á skrá sumarið 2017 og fengust 275 svör við könnuninni. Þrír bátar voru ekki með skráð netfang og 13 netföng virkuðu ekki þegar spurningalistinn var sendur út. Athygli vakti að 27 bátar voru skráðir á sama netfang og einhver annar bátur innan strandveiðikerfisins (tafla 1). Póstur var sendur á samtals 551 aðila og svarhlutfall við þeim 49%.

Tafla 1. Fjöldi svara við spurningalista árið 2017.

Taflan sýnir heildarfjölda svara við spurningalista og fjölda báta með virkt strandveiðileyfi eftir svæðum.

	Alls	Svæði A	Svæði B	Svæði C	Svæði D
Fjöldi svara	274	113	68	49	44
Fjöldi báta	594	227	135	126	106
Fjöldi með sama e-mail	27	13	4	7	3
Ekki með netföng	3	2	0	0	1
Óvirkt netfang	13	6	2	2	3
Fjöldi sem náðist í með pósti eða síma	551	206	129	117	99
Svarhlutfall	49,7%	54,8%	53%	42%	44%

Svarendum gafst möguleiki á að svara símleiðis ef að tæknilegir örðugleikar ollu því að svarandi gat ekki skilað inn svörum rafrænt. Í tveimur tilvikum var spurningalistanum ennfremur svarað skriflega og svör send í pósti.

Spurningarnar voru ýmist í einum eða tveimur liðum. Flestar spurningarnar voru lokaðar en í sumum þeirra gafst þátttakendum möguleiki á að koma athugasemdum á framfæri ef einhverjar voru. Spurningalistann í heild sinni er að finna í viðauka A.

5. Þróun strandveiðanna 2009-2017

5.1 Heildaraflamark og landaður afli

Þegar heildaraflamark strandveiða er skoðað má sjá að helstu innspýtingar á kvóta inn í kerfið voru á fyrstu þremur árum kerfisins (tafla 2). Fyrsta árið átti heildaraflinn að vera 6000 tonn en vegna þess að bráðabirgðalög fóru ekki í gegn fyrr en í júní gátu strandveiðarnar ekki hafist fyrr en seinna í sama mánuði. Árið 2010 hófst svo fyrsta fulla strandveiðitímabilið með fyrrnefndum 6000 tonna kvóta eftir að strandveiðar voru festar í lög (tafla 2).

Tafla 2. Heildarúthlutun afla og veiddur heildarafli á árunum 2009-2017.

Taflan sýnir heildaraflamark og veiddan afla á árunum 2009-2017 í tonnum. Mismunur á úthlutuðum afla og veiddum afla er einnig sýndur, ásamt hlutfallsaukningu aflamarks á milli ára.

Ár	Úthlutun	Heildarafli	Mismunur	Hlutfallsaukning milli ára
2009	3.955,000	4.028,089	-73,089	0%
2010	6.000,000	6.363,000	-363,000	52%
2011	8.499,000	8.543,806	-44,806	42%
2012	8.600,000	8.749,224	-149,224	1%
2013	8.600,000	8.665,872	-65,872	0%
2014	8.600,000	8.700,955	-100,955	0%
2015	8.600,000	8.567,565	32,435	0%
2016	9.000,000	9.144,536	-144,536	5%
2017	9.760,000	9.795,920	-35,920	8%

Árið 2011 átti einnig að vera 6000 tonna aflamark á strandveiðunum en með lögum nr. 70/2011 var samþykkt að veita 2500 tonnum aukalega til strandveiðanna sama ár. Lögin voru samþykkt 21. júní og þessari auka innspýtingu var dreift á júlí og ágúst 2011. Lögin veittu einnig heimild til þess að auka strandveiðiheimildina upp í 8600 tonn næsta fiskveiðiár 2011/2012 (Stjórnartíðindi, 2011).

Aflamarkið hélst óbreytt til sumarsins 2016 þegar ákveðið var að auka það upp í 9000 tonn. Að auki var ákveðið að færa til kvóta milli svæða og breyta þannig hlutfalli hvers svæðis af úthlutun til strandveiðanna (tafla 3). Markmið breytinganna var að jafna veiðidaga milli svæða og fá meiri jöfnuð á meðalveiði báta (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2016a).

Um sumarið 2016 var þingsályktun 38/145 samþykkt þar sem kveðið var á um að aflamark strandveiða skyldi ráðstafað frá því aflamarki sem kemur af 5,3% af heildarafla hvernar tegundar, sem er frádregin samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða 116/2006 (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2016b). Í kjölfar þeirrar reglu var kvóti strandveiða aukinn árið 2017 í 9200 tonn. Þessum 200 auka tonnum var úthlutað aftur til svæðis D sem hafði misst þann skerf af kókunni árið áður. Auka aflaheimild var að lokum veitt þann 4. ágúst 2017, 560 tonn í heildina. Ákvörðunin var tekin með það að leiðarljósi að öll svæði fengju við úthlutunina 2 daga aukalega í mánuðinum (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2017).

Tafla 3. Hlutfall af heildaraflamarki og breyting aflamarks.

Taflan sýnir hlutfall svæða A-D af heildaraflamarki á árunum 2009-2017. Breyting aflamarks í tonnum á milli ára er einnig sýnd.

Ár	Svæði A		Svæði B		Svæði C		Svæði D	
	Hlutfall af heild	Breyting magni	í Hlutfall af heild	Breyting í magni	Hlutfall af heild	Breyting í magni	Hlutfall af heild	Breyting í magni
2009	33,3%	1.316	23,7%	936	25,6%	1.013	17,4%	690
2010	33,3%	680	23,7%	484	25,6%	524	17,5%	357
2011	33,3%	834	23,7%	591	25,6%	639	17,4%	435
2012	33,3%	30	23,7%	25	25,6%	28	17,4%	18
2013	33,3%	0	23,7%	0	25,6%	0	17,4%	0
2014	33,3%	0	23,7%	0	25,6%	0	17,4%	0
2015	33,3%	0	23,7%	0	25,6%	0	17,4%	0
2016	37,9%	550	23,2%	50	24,5%	0	14,4%	-200
2017	37,5%	250	22,6%	120	24,0%	140	15,9%	250

Tafla 4 sýnir aflamarksþróunin í strandveiðum samanborið við þróun í úthlutuðu aflamarki á þorski, ufsa og heildaraflamarki. Ef litið er til fyrsta heila árs strandveiðanna samanborið við nýafstaðna vertíð árið 2017 fylgir aflamarksþróun strandveiðanna aflamarksþróun þorskens. Sé hins vegar tekið mið af öðru ári strandveiðanna, árinu 2011, má sjá að þar er lítil fylgni á milli þessara tveggja þátta. Breytingar á aflamarki strandveiða hafa hingað til komið í stórum einstaka aukningum en ekki fylgt þróun aflamarks fiskistofna við Íslandsstrendur.

Tafla 4. Úthlutað aflamark strandveiða, þorsks, ufsa og annarra fiskistofna eftir árum.

Taflan sýnir úthlutað aflamark á árunum 2009/2010, 2010/2011 og 2016/2017 í tonnum. Aflamark ufsa og annarra fiskistofna í þorskígildum er einnig sýnt, ásamt hlutfallsbreytingum í úthlutuðu aflamarki á árunum 2010-2017 og 2011-2017.

Úthlutað aflamark	2009/2010	2010/2011	2016/2017	Breyting 2010-2017	Breyting 2011-2017
Strandveiðar	6.000	8.499	9.760	63%	15%
Þorskur	119.108	123.755	194.097	63%	57%
Ufsi (þíg)	19.903	25.479	34.563	74%	36%
Ufsi	40.619	39.811	43.751	8%	10%
Úthlutað aflamark (þíg)	258.652	272.406	369.923	43%	36%
Úthlutað aflamark	312.792	290.254	429.362	37%	48%

Dreifing aflamarks milli mánaða er eins á svæðum A-C en skiptist með öðrum hætti á svæði D (tafla 5).

Tafla 5. Dreifing aflamarks.

Taflan sýnir dreifingu aflamarks eftir mánuðum á svæðum A-D á árunum 2009-2017.

	Máí	Júní	Júlí	Ágúst
Öll svæði árið 2009	0%	20%	55%	25%
Svæði A-C 2010 -2017*	25%	30%	30%	15%
Svæði D 2010-2017*	40%	35%	15%	10%

*Árin 2011 og 2017 skekkust hlutföllin vegna viðbótarkvóta á miðju tímabili.

5.2 Fjöldi báta


Mikil ásókn var í strandveiðarnar strax fyrsta árið og voru 557 bátar skráðir til veiða. Heildarfjöldi báta sem stundað hafa strandveiðar ár frá ári hefur verið óstöðugur allt frá því veiðarnar hófust. Mestur fjöldi báta sem sótti um leyfi var árið 2012 eða 760 en margar breytur geta haft áhrif á fjölda strandveiðibáta. Fréttir um aukningu á kvóta innan kerfisins geta til að mynda skýrt aukningu á leyfisumsóknum árin 2012 og 2016. Árið 2017 fækkaði bátum svo um munar og fóru í fyrsta sinn niður fyrir 600 eftir upphafsárið 2009. Lækkandi fiskverð á strandveiðum 2016 og að ekki var útlit fyrir hækkandi verð á vormánuðum 2017 hefur vafalítið einnig fælt margan strandveiðisjómanninn burt frá veiðunum. Aukning á kvóta í apríl 2017 var einungis á svæði D og þegar viðbótarkvóti var settur inn í kerfið í ágúst hefur það mögulega verið of seint til að draga fleiri báta að veiðunum. Þessi innspýting gæti þó haft möguleg áhrif sumarið 2018 og þá ekki síst ef verð standa í stað eða hækka (tafla 6).

Tafla 6. Fjöldi báta á strandveiðum eftir svæðum og árum.

Taflan sýnir fjölda báta á strandveiðum á svæðum A-D á árunum 2009-2017. Taflan sýnir einnig hlutfallslega breytingu á milli ára.

Ár	Svæði A	Svæði B	Svæði C	Svæði D	Samtals	Breyting
2009	195	94	115	153	557	
2010	237	165	157	180	739	32,7%
2011	253	145	145	143	686	-7,2%
2012	282	164	161	153	760	10,8%
2013	250	143	153	129	675	-11,2%
2014	238	140	147	123	648	-4,0%
2015	228	141	147	116	632	-2,5%
2016	268	149	148	124	689	9,0%
2017	227	135	126	106	594	-13,8%


Allt frá fyrsta ári strandveiðanna hafa flestir bátar árlega verið á svæði A (mynd 1), enda er á þessu svæði að finna auðsóttustu handfæramið landsins, í Breiðafirði og á Vestfjörðum. Hlutfall strandveiðiflotans sem tilheyrir svæði A var í upphafi um 35% og hefur það hlutfall heldur farið hækkandi með árunum. Hlutfall strandveiðibáta sem tilheyra svæði B og C hefur verið svipað í gegnum árin eða á bilinu 21-23 % af heildarfjölda báta sem skráðir hafa verið á strandveiðar hverju sinni. Svæði D sker sig á hinn bóginn úr að því leyti að hlutfall báta á strandveiðum hefur farið lækkandi á þessu svæði frá því strandveiðarnar hófust. Hlutfall strandveiðibáta sem skráðir voru á svæði D fyrstu árin var þannig um 27% en er komið niður í 18% árið 2017 (mynd 1). Þetta má mögulega skýra með því að útgerðir hafi eftir árið 2010 í auknum mæli fært lögheimili sitt á önnur svæði og nær strandveiðimiðum.



Mynd 1. Árleg skipting báta á milli svæða.

Myndin sýnir hlutfall báta á svæðum A-D af heildarfjölda strandveiðibáta á árunum 2009-2017.

Þekkt er að fiskimiðin eru misgjöful eftir árstíma og mynd 2 sýnir hvenær sóknin er mest á hverju svæði fyrir sig. Á svæðum A og D er mun hærra hlutfall útgerða sem hefja strandveiðar strax í maí, enda þorskurinn þá að ganga upp með vestanverðu landinu. Í byrjun maí er veiði á þeim svæðum mun auðveldari en á svæðum B og C en þetta snýst við í júlí og ágúst. Hlutfall þeirra sem stunda strandveiðar í júní og júlí er hærra en 85% á öllum svæðum og í kringum 95% á svæðum A, B og C í júlí. Hlutfall strandveiðibáta á svæði D minnkar mikið í ágúst enda veiði á því svæði lítil ef frá er talinn austasti hluti svæðisins sem er Höfn í Hornafirði (mynd 2).




Mynd 2. Fjöldi báta að veiðum.

Myndin sýnir meðaltalshlutfall mismunandi bátgerða á veiðum í þeim mánuðum sem veiði stendur yfir. Sýnt er hlutfall eftir mánuðum á svæðum A-D á árunum 2010-2017.

5.2.1 Hvernig bátar stunda strandveiðar

Strandveiðum var ætlað að stuðla að nýliðun í greininni og vera leið fyrir þá sem voru utan við fiskveiðikerfið að komast inn í það. Á fyrstu árum strandveiðanna hófu strandveiðisjómenn í

auknum mæli að búa báta sína á makríl. Veiði á makríl hófst í lok júlí og stangaðist þá á við hálftrandveiðitímabilið en margir bátar, aðallega á svæði D, hófu að stunda ólympískar makrílveiðar. Þessi viðbót gæti hafa átt þátt í lækkandi hlutfalli báta sem eingöngu stunduðu strandveiði upp úr árinu 2011. Því er óljóst hvort aukið hlutfall báta í krókaafلامark sé til komið vegna brotfalls þeirra sem eingöngu sóttu í strandveiðar eða vegna þess að bátar sem byrjuðu í strandveiðum hafi fært sig yfir og í auknum mæli leigt eða keypt til sín kvóta.



Mynd 3. Strandveiðibátar.

Myndin sýnir hlutfallsskiptingu bátgerða sem stunduðu strandveiðar á árunum 2010-2017.

5.3 Dagafjöldi

Veiðar eru stöðvaðar þegar stefnir í að kvóti mánaðar fyrir ákveðið svæði sé að klárast. Hvert veiðisvæði getur því fengið mismunandi dagafjölda úthlutað fyrir veiðar í hverjum mánuði. Banndagar sem skerða dagafjölda eru uppstigningardagur, annar í hvítasunnu og frídagur verslunarmanna. Þjóðhátíðardagur Íslendinga getur einnig komið upp á virkum degi og getur því skert dagafjöldann. Í núverandi kerfi er mesti mögulegi fjöldi daga í einum mánuði 19 dagar en heildarfjöldi veiðidaga er yfirleitt á bilinu 15-19 dagar. Frá fyrsta ári strandveiðanna árið 2009 hafa samtals 35 mánuðir verið opnir til strandveiða. Mismunandi er á milli svæða hve margir mánuðir hafa verið án veiðistöðvunar frá því veiðarnar hófust (tafla 7). Hér sker svæði A sig úr þar sem veiði hefur aðeins einu sinni haldist opin í heilan mánuð. Þetta var fyrsta mánuðinn þegar veiðar hófust 28. júní og því einungis möguleiki á 3 dögum þann mánuð.


Tafla 7. Fjöldi mánaða þar sem ekki kom til stöðvunar veiða.

Taflan sýnir heildarfjölda mánaða sem veiðar voru ekki stöðvaðar á svæðum A-D á árunum 2009-2017. Taflan sýnir einnig hlutfall mánaða með lokunum af heildarfjölda mánaða sem strandveiðarnar náðu yfir.

Svæði	Heilir mánuðir til veiða	Hlutfall
Svæði A	1	3%
Svæði B	16	46%
Svæði C	22	63%
Svæði D	22	63%

Árlegur dagafjöldi báta á mismunandi svæðum dreifist með svipuðum hætti (mynd 4). Fæstir dagar standa veiðimönnum á svæði A til boða enda fiskast yfirleitt best á því svæði, sjómenn

eru flestir á þessu svæði og styttra í miðin en á hinum svæðunum. Strandveiðimenn á svæði B hafa að jafnaði fengið næstfæsta daga til að stunda veiðar á árunum 2009-2017. Erfiðlegast gengur að veiða á þessu svæði í maímánuði en fljótlega í júní gengur þorskurinn norður fyrir land og þá liðkast um fyrir veiðum þar. Frá því 2013 hefur dagafjöldi á svæðum C og D verið nálægt hámarki þeirra daga sem mögulegir eru, ef frá er talið árið 2016 þegar strandveiðibátum fjölgaði mjög og afli var skertur á svæði D (mynd 4).



Mynd 4. Strandveiðidagar.

Myndin sýnir fjölda veiðidaga eftir svæðum á árunum 2009-2017.

5.4 Landanir

5.4.1 Þorskígildisstuðlar


Fyrsta ár strandveiðanna var heimilt að koma með 800 kg af óslægðum afla í land. Þar sem hæsta kílóverðið var fyrir þorsk, þá var lítil hvatni að koma í land með aðrar tegundir ef útlit var fyrir að ná 800 kg af þorski í einum dagsróðri. Því var reglunni breytt árið 2010 og heimilaður afli takmarkaður við 650 þorskígildiskílógrömm (þíg) en þorskígildi er verðmæti eins kíló af slægðum þorski. Slægingarstuðull þorsks er 0,84 og því heimilt að landa upp úr sjó 774 kg af þorski í einni veiðiferð ef aðeins fiskaðist þorskur. Annar afli var umreiknaður í þorskígildi út frá gildum sem gefin eru út af ráðuneyti sjávarútvegs ár hvert (tafla 8).

Tafla 8. Þorskígildisstuðull mismunandi tegunda eftir árum.

Taflan sýnir þorskígildisstuðul karfa, keilu, löngu, lýsu, makrills, steinbíts, ufsa og ýsu á árunum 2009-2017.

Tegund	Karfi	Keila	Langa	Lýsa	Makrill	Steinbítur	Ufsi	Ýsa
2009	0,42	0,33	0,49	0,32	0,06	0,6	0,38	0,69
2010	0,61	0,37	0,48	0,42	0,13	0,71	0,49	0,76
2011	0,74	0,34	0,51	0,44	0,14	0,87	0,64	0,95
2012	0,71	0,37	0,55	0,4	0,22	0,83	0,63	0,89
2013	0,82	0,39	0,59	0,42	0,36	0,85	0,73	0,92
2014	0,89	0,52	0,73	0,51	0,36	0,95	0,82	1,15
2015	0,85	0,51	0,76	0,49	0,41	0,95	0,81	1,3
2016	0,79	0,47	0,68	0,49	0,32	0,79	0,77	1,23
2017	0,69	0,42	0,68	0,41	0,21	0,64	0,79	1,04
2018	0,6	0,38	0,73	0,37	0,26	0,59	0,72	1,07

Með þessari breytingu var kominn hvati til að skila inn öllum meðafla í land. Meðafla átti með þessu að veða jafn mikið af skammtinum og verðmæti tegundarinnar var í hlutfalli við þorsk. Flóknara varð að reikna út hvort fullum skammti væri náð, sérstaklega ef þrjár til fjórar fisktegundir voru uppistaðan í aflanum. Hve miklum afla af ufsa mátti landa ef landað var þremur mismunandi þyngdum af þorski er sýnt á mynd 5 og einnig þróun á þessu á árunum 2009-2017. Strandveiðisjómenn gátu þ.a.l. skilað inn ágætis aflaverðmætum þrátt fyrir að þorskur væri ekki aðaluppistaða afla.



Mynd 5. Þróun leyfilegs ufsaaflla.

Mismunandi magn ufsa sem má veiða þegar búið er að afla 100 kg, 400 kg og 700 kg af þorski á árunum 2009-2018.

5.4.2 Heildarfjöldi landana


Fjöldi árlegra landana fór yfir 16.000 á árunum 2012-2014, eftir að kvótinn var aukinn í 8500 tonn árið 2011 (tafla 9). Á árunum 2015-2017 hafa landanir verið undir 16.000 á ári þrátt fyrir að aflaheimildir hafa aukist yfir tímabilið. Hlutfall strandveiðibáta sem landa þorski hefur einnig haldist yfir 99% ef frá er talið fyrsta árið. Tíðni landana er fengin úr hrágögnum frá Fiskistofu og í einhverjum tilvikum mælast fleiri landanir af þorski en skráðar landanir á Fiskistofu sýna. Strandveiðarnar hafa þó allt frá upphafi gengið út á þorskveiðar og hátt hlutfall landana kemur því ekki á óvart (tafla 9).

Tafla 9. Heildarfjöldi landana eftir árum.

Taflan sýnir heildarfjölda landana á árunum 2009-2017 ásamt hlutfalli landana á þorski.

Ár	Landanir	Þorskur
2009	7558	95,8%
2010	11479	99,4%
2011	15484	99,7%
2012	16122	99,2%
2013	16751	99,6%
2014	16087	99,7%
2015	14942	100,0%
2016	14859	100,0%
2017	15728	99,9%


Löndunum á svæði A hefur fjölgað frá því strandveiðar hófust og urðu flestar árið 2017 (mynd 6). Löndunum á svæðum C og D hefur þó fækkað frá árinu 2012 á meðan litlar breytingar hafa orðið á svæði B. Á öllum svæðum eru bátar þó að skila í land meiri afla í hverri ferð að meðaltali.



Mynd 6. Landanir.

Myndin sýnir fjölda landana á svæðum A-D á árunum 2009-2017.

Líkt og sýnt er í töflu 9, þá heyrir það til undantekninga að ekki sé landað þorski eftir róður á strandveiðum (mynd 7). Helst gerist það hjá strandveiðibátum sem gera út á makríl. Þær tegundir sem fiskast mest af á strandveiðum eru þorskur og ufsi en einnig ýsa og karfi (tafla 10). Þegar landanir á öðrum afla en þorski eru skoðaðar sést að ásókn strandveiðimanna í ufsa hefur farið minnkandi frá 2012, en þá voru um 55% landana sem innihéldu ufsa sem hluta af aflanum. Árið 2017 var þetta hlutfall komið niður í 29%. Tafla 4 sýnir hvernig aflamark í ufsa hefur farið hækkandi frá árinu 2009 en það gæti bent til þess að áhrif ytri þátta á borð við verð og óhagstæða stuðun á þorskígildisstuðli ufsa leiði til minni ásóknar í ufsa á strandveiðum.



Mynd 7. Meðafli.

Myndin sýnir hlutfall tilvika þar sem karfa, ufsa og ýsu var landað á árunum 2009-2017.

5.4.3 Landaður afli

Eins og áður hefur komið fram eru þorskur og ufsi helstu tegundir sem veiddar hafa verið á strandveiðum eða samanlagt rúmlega 98% af aflu strandveiðibáta (tafla 10). Heildarveiði á strandveiðunum er 72.771 tonn frá upphafi veiðanna og alls hefur 41 tegund veiðst. Sem dæmi um aðrar tegundir sem hafa veiðst má nefna landsel, hákarl og (nef)broddabak (tafla 10).

Tafla 10. Strandveiðiafli eftir tegundum.

Taflan sýnir heildarafli strandveiða eftir tegundum á árunum 2009-2017 (tonn). Hlutfall tegundanna af heildarafli er einnig sýnt.

Tegund	Heildarafli 2009-2017	Hlutfall
Þorskur	63.649	87,46%
Ufsi	7.734	10,63%
Karfi / Gullkarfi	799	1,10%
Ýsa	357	0,49%
Steinbítur	64	0,09%
Langa	43	0,06%
Lýsa	43	0,06%
Makríll	42	0,06%
Keila	33	0,05%
Annað	7	0,01%


Yfirlit yfir þróun síðustu ára sýnir aukið mikilvægi þorsks á kostnað ufsa (tafla 11). Síðustu sjö árin hefur hlutfall ufsa lækkað úr 1/5 í 1/20 af veiddum aflu en ekki hafa á sama tímabili orðið breytingar á veiðistofni ufsa sem skýra þess miklu lækkun.

Tafla 11. Hlutfall helstu tegunda af heildarafla eftir árum.

Taflan sýnir hlutfall þorsks og ufsa af heildarafla strandveiða á árunum 2009-2017.

Ár	% Þorskur	% Ufsi
2009	84%	14%
2010	79%	19%
2011	83%	15%
2012	85%	13%
2013	85%	13%
2014	89%	9%
2015	89%	9%
2016	93%	5%
2017	95%	4%

Þegar horft er til ufsafla á strandveiðum sker svæði D sig úr (mynd 8) en þar gátu bátar oft rennt á ufsamið ef þorskurinn var tregur til. Úti fyrir Vestfjörðum eru gjöful þorskmið sem og í innanverðum Breiðafirði og kemur hátt hlutfall þorskafla á svæði A því ekki á óvart. Karfi kemur sem meðafli um allt land en ýsa aðallega fyrir norðan, á svæðum B og C.



Mynd 8. Aflasamsetning eftir svæðum á árunum 2009-2017.

Umframveiði yfir hinn svokallaða skammt hefur verið þónokkur (tafla 12). Þetta var reiknað þannig að fundnar voru allar landanir yfir 775 kg og samanlögð þyngd afla yfir þeim mörkum lögð saman. Þannig fékkst hversu miklið af þorski væri landað yfir skammt. Heildartalan er öllu stærri því aðrar tegundir geta líka talist til umframafla. Hlutfall landana yfir þorskskammtinum hefur aukist mikið samhliða aukinni áherslu á þorskveiðar í strandveiði. Umframafli sem hlutfall af heildarúthlutun kvóta í kerfið hefur þó verið í kringum 1% öll árin.

Tafla 12. Umframafli þorsks eftir árum.

Taflan sýnir heildar umframafli á þorski í tonnum, einnig sem hlutfall af heildarkvóta. Fjöldi landana og hlutfall af heildarlöndunum á árunum 2009-2017 er einnig sýnt.

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Samtals þorskafla yfir skammt	46,601	30,669	61,209	59,667	57,996	80,217	108,556	134,629	108,764
Hlutfall af heildarkvóta	1,2%	0,5%	0,7%	0,7%	0,7%	0,9%	1,3%	1,5%	1,1%
Fjöldi landana	727	817	1699	1639	1639	2230	2678	3659	3583
Hlutfall af heildarlöndunum	9,6%	7,1%	11,0%	10,2%	9,8%	13,9%	17,9%	24,6%	22,8%

5.5 Aflaverðmæti

Aflaverðmæti sem skilar sér í hverjum tús er grundvöllur þess að veiðarnar beri sig. Þegar skoðuð er þróun heildaraflaverðmæta greinarinnar og fjórar helstu fisktegundir sem veiddar eru innan kerfisins, kemur í ljós að eftir stöðugan vöxt í aflaverðmætum á árunum 2009-2012 kemst á ákveðinn stöðugleiki á árunum 2013-2016 (tafla 13). Verðmætin jukust fyrst eftir að strandveiðikerfinu var komið á, vegna hækkandi verðs sem fékkst fyrir þorsk og ufsa en einnig vegna aukinna heimilda sem veitt varí kerfið. Heildaraflaverðmæti breytist lítið á tímabilinu 2013-2016 þrátt fyrir að aflaheimildir hafi verið auknar árið 2016.


Tölur frá 2017 eru gróflega áætlaðar og gætu breyst þegar öllum gögnum um árið hefur verið skilað inn en bráðabirgðatölur 2017 sýna hrun í aflaverðmætum þrátt fyrir 8% aukningu aflaheimilda. Þorskurinn var samanlagt um 96,5% af öllum verðmætunum árin 2016-2017 samanborið við rúmlega 90% 2009-2015. Mestu munar um verðhrun á ufsa en heildaraflaverðmæti ufsa lækkaði um rúmlega 80% frá 2010 þegar daglega hámarkið var fyrst bundið við þorskígildi.

Tafla 13. Aflaverðmæti strandveiða eftir árum og tegundum.

Taflan sýnir aflaverðmæti þorsks, ufsa, karfa og ýsu á árunum 2009-2017 í milljónum króna.

Ár	Allar tegundir	Þorskur	Ufsi	Karfi	Ýsa
2009	826 ISK	758 ISK	54 ISK	6 ISK	5 ISK
2010	1.687 ISK	1.471 ISK	188 ISK	11 ISK	13 ISK
2011	2.258 ISK	2.000 ISK	208 ISK	18 ISK	18 ISK
2012	2.522 ISK	2.264 ISK	207 ISK	22 ISK	17 ISK
2013	2.135 ISK	1.937 ISK	157 ISK	23 ISK	14 ISK
2014	2.325 ISK	2.157 ISK	123 ISK	22 ISK	12 ISK
2015	2.272 ISK	2.109 ISK	127 ISK	20 ISK	12 ISK
2016	2.270 ISK	2.184 ISK	52 ISK	22 ISK	10 ISK
2017	1.904 ISK	1.852 ISK	24 ISK	15 ISK	12 ISK
Samtals	16.295 ISK	14.881 ISK	1.118 ISK	144 ISK	103 ISK

Meðalverð á fjórum helstu tegundum sem aflað er á strandveiðum fæst með því að deila heildar aflaverðmætum tegundanna í heildarafla hvert ár (mynd 9). Í ljós kemur að verð fyrir allar tegundir hefur lækkað frá 2015 og sérstaklega á tveimur mest veiddu tegundunum, þorski og ufsa.




Mynd 9. Verð afla.

Myndin sýnir meðalverð (kr/kg) helstu veiðitegunda á árunum 2009-2017.

Verð fyrir hvert kíló upp úr sjó sýnir ekki hversu verðmætur fiskurinn er í raun og veru fyrir strandveiðisjómenn. Í raun má segja að ef verð á karfa, ufsa og ýsu er lægra en reiknað þorskígildi segir til um, þá er lítil hvatni fyrir sjómenn að skila inn þeirri fisktegund þar sem hún skerðir mögulegan þorskafla (mynd 10).

Fyrstu þrjú ár strandveiðanna helst verðmæti áðurgreindra tegunda nokkuð í hendur við þorskin en upp úr árinu 2013, og sérstaklega eftir árið 2015, fer verðmæti ufsa hratt lækkandi samanborið við þorsk (mynd 9). Eftir árið 2015 þegar afurðaverð á ufsa byrjaði að lækka breyttist þorskígildistuðull ufsans ekki í samræmi við lækkun afurðaverðs. Eftir því sem bilið á milli meðalþorskverðs og umreiknaðs þorskígildisverðs á ufsa hefur breikkað, hefur ufsaafli minnkað talsvert á öllum svæðum strandveiðanna.



Mynd 10. Þorskígildisverð.

Myndin sýnir verð helstu tegunda umreiknað í þorskígildi á árunum 2010-2017.

5. 6 Gæði afla


Frá fyrsta ári strandveiðanna hefur mikið verið rætt um gæði strandveiðiaflans. Aflinn hefur löngum verið misjafn af gæðum. Ýmsar ástæður kunna að liggja á baki, s.s. ófullnægjandi aðstæður til að taka ís í ákveðnum höfnum, reynsluleysi sjómanna við strandveiðar og meðhöndlun afla eða samblanda þessara þátta. Árið 2011 gerðu Mátis, Matvælastofnun og Fiskistofa úttekt á gæðum strandveiðiafla að ósk Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Í þeirri úttekt var litið til margra áhrifaþátta um gæði afla og voru eftirfarandi þættir taldir mikilvægastir:

- Ísun og kæling
- Ormar í holdi
- Stærð og flokkun fisks
- Blóðgun og slæging
- Röðun og frágangur í kerum
- Litur á roði
- Verklag á fiskmörkuðum

Strandveiðarnar eiga sér stað yfir hlýjstu mánuði ársins og er kæling afla því mjög mikilvæg. Kæling er þannig talin mikilvægasti þátturinn til að tryggja góð gæði og geymsluþol aflans þar sem rétt kæling hægir á örveruvexti og náttúrulegu niðurbroti fisksins sem verður við dauðastirðnun. Matvælastofnun hefur notað það sem viðmið að afli skuli vera kominn niður fyrir 4°C við löndun. Í reglugerð 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu er gert ráð fyrir því að allur afli sé kældur eins fljótt og hægt er og geymdur við hitastig bráðnandi íss, þ.e. eins nálægt 0°C og mögulegt er. Á fyrstu árum strandveiðanna var kælingu mjög ábótavant en meðalhitastig aflans árið 2010 reyndist vera 5,3°C. Aðstöðuleysi og erfitt aðgengi að ís í sumum höfnum hefur gert strandveiðisjómonnum erfitt fyrir að ná réttri kælingu afla en síðustu ár hefur verið reynt að bæta þetta víðvegar um landið. Í könnuninni var það nefnt af strandveiðisjómanni að bæta mætti aðgengi að ís í sumum minni höfnum til að fleiri sjómenn teldu fýsilegt að landa þar. Eftir fyrsta ár strandveiðanna var unnið átak á vegum Matvælastofnunar um bættu aflameðferð dagróðrabáta og í úttektinni 2011 kom í ljós að meðalhitastig afla var komið niður í 3,7°C og viðmiði Matvælastofnunar því náð. Kælingin var þannig strax orðin betri en mikið rými er til að gera enn betur og ná hitastigi eins nálægt 0°C og mögulegt er. Strandveiðisjómenn eru ennfremur orðnir meðvitaðri um mikilvægi réttrar kælingar til að tryggja gæði aflans og ætti meðalhitastig hans því að hafa lækkað.

Fiskurinn getur einnig verið í slæmu ásigkomulagi af náttúrulegum ástæðum og gæði afla því misjöfn af þeim sökum. Fiskurinn heldur sig þá gjarnan nær landi og veiðist því meira af smáum fiski með miklu af ormum og dekkri lit á roðinu. Slíkur fiskur er gjarnan kallaður þarapýrsklingur. Mikilvægt er að blóðga fiskinn sem fyrst eftir að hann er veiddur. Þetta hefur ekki verið talið vandamál hjá strandveiðisjómonnum en öðru máli gegnir um flokkun og slægingu. Strandveiðiafli er yfirleitt ekki slægður um borð og getur það haft umtalsverð áhrif á gæði aflans að geyma fiskinn lengi óslægðan, sérstaklega ef heitt er í veðri og kæling ekki nægilega góð. Einnig er mikilvægt að stærðarflokka aflann þar sem stærðardreifing afla er jafnan mikil, til að tryggja að kaupendur fái afhenta þá stærð sem þeir sækjast eftir fyrir vinnslur sínar. Aðstöðuleysi um borð hefur hér mikil áhrif og erfitt getur reynst fyrir sjómenn að flokka og meðhöndla aflann rétt um borð til að minnka líkur á losi og mari í flökum. Verði handfæraveidds og línuveidds þorsks helst mestmegnis í hendur í þeim mánuðum sem strandveiðar hafa verið stundaðar á árunum 2009-2017 (mynd 11). Yfirleitt er borgað meira

fyrir handfærafisk en línufisk þessa mánuði og koma slök gæði því ekki fram í verði á mörkuðum þegar gögn eru skoðuð með þessum hætti.



Mynd 11. Aflaverð.

Myndin sýnir samanburð á verði línuþorsks og handfæraþorsks í þeim mánuðum sem strandveiðar voru stundaðar frá upphafi þeirra (samtals 35 mánuðir).

6. Útgerðaraðilar

6.1 Bakgrunnur

Líkt og áður hefur komið fram svöruðu 274 útgerðaraðilar spurningalista sem sendur var á viðkomandi útgerð. Spurningalistinn var byggður á spurningum sem spurt var eftir fyrsta ár strandveiðanna með það að markmiði að bera saman svör við spurningum beggja kannana. Sjómennska hefur löngum verið tengd karlmennsku í íslensku þjóðlífi og á öllum tegundum fiskiskipa eru karlmenn í meirihluta, einnig á strandveiðum. Í könnuninni árið 2009 fengust 100 svör og voru allir svarendur karlar. Í könnun þessa árs bætist hlutur kvenna örlítið en 4 af 274 eða 1,5% svarenda voru kvenkyns.

Meðalaldur strandveiðisjómanna árið 2017 var 54 ár og rúmlega þiðjungur sjómanna var undir fimmtugu (tafla 14). Aldursdreifingin er sambærileg dreifingunni árið 2009 en þó má merkja að sjómönnum eldri en 60 ára fjölgar um 5%.

Tafla 14. Aldursdreifing strandveiðisjómanna.

Taflan sýnir hlutfallslega aldursdreifingu útgerðaraðila sem stunduðu strandveiðar á árunum 2009 og 2017.

Aldur	2009	2017
18-30	3%	5,2%
31-40	9%	8,6%
41-50	26%	22,7%
51-60	33%	29,7%
61-70	23%	26,4%
71+	6%	7,4%

Ríflega 2/3 þeirra útgerðarmanna sem svöruðu könnuninni höfðu aðalstarf tengt sjávarútvegi yfir vetrartímann (tafla 15). Þetta er mjög svipað hlutfall og var 2009 og sama gildir um iðnaðarmenn sem tilheyrðu þeirri atvinnugrein sem næstflestar svarenda hafa sem starfsvettvang. Alls voru 15 ellilífeyrisþegar sem svöruðu könnuninni en sé menntun þeirra skoðuð voru 14 þeirra iðnmenntaðir eða tengdir sjávarútvegi. Önnur störf voru ekki eins áberandi í svörum.

Tafla 15. Bakgrunnur útgerðaraðila.

Taflan sýnir bakgrunn og starfsvettvang útgerðaraðila sem stunduðu strandveiðar á árunum 2009 og 2017.

Starf	2009	2017
Sjávarútvegur	64%	67,3%
Iðnaðarmaður	12%	10,2%
Ellilífeyrisþegi	4%	5,6%
Verkamaður	3%	2,6%
Stjórnunarstaða	1%	2,3%
Skrifstofustarf	5%	1,9%
Bílstjóri		1,5%
Ferðaiðnaður		1,1%
Námsmaður		1,1%
Sjálfstæður atvinnurekandi		1,1%
Húsmóðir		0,8%
Fjármál/viðskipti	2%	0,8%
Bóndi		0,8%
Annað	9%	3,0%

Um 57 % svarenda töldu strandveiðar mikilvægar fyrir afkomu sína og er hlutfallið áberandi hæst í þremur tekjulægstu hópunum (tafla 16). Svarhlutfall eftir svæðum og hversu margir svöruðu á hverju svæði fyrir sig er sýnt í töflu 1 (bls. 5).

Tafla 16. Afkoma strandveiðisjómanna.

Taflan sýnir mánaðarlaun útgerðarmanna og mikilvægi strandveiðiafkomu fyrir hvern launahóp árið 2017.

Laun	Hlutfall svarenda	Mikilvægi veiða fyrir afkomu
0 - 249.999 kr.	25%	59,1%
250.000 - 499.999 kr.	36%	64,9%
500.000 - 749.999 kr.	24%	55,4%
750.000 - 999.999 kr.	9%	41,7%
1.000.000 eða meira	5%	21,4%

Útgerðaraðilar reyndust ekki alltaf búsettir á því svæði sem þeir gerðu út frá á árinu 2017 (tafla 17). 269 af þeim 274 sem svöruðu könnuninni svöruðu til um búsetu sína og reyndust 45 þeirra ekki búa á sama svæði og þeir gerðu út frá. Langmest ásókn var í svæði A en einnig voru einhverjir sem fluttust yfir á svæði B og C. Enginn fluttist á svæði D en langflestar fluttu frá því svæði. Flestir sem eru staðsettir í Faxaflóa fluttu sig yfir á svæði A.

Tafla 17. Flutningar báta á milli svæða.

Taflan sýnir á hvaða svæði útgerðarmenn skráðu útgerðina sína ef þeir bjuggu ekki á sama svæði og þeir stunduðu strandveiðar árið 2017.

Svæði	Flutt í	Flutt úr
A	68,9%	2,2%
B	17,8%	8,9%
C	13,3%	2,2%
D	0,0%	86,7%

6.1.1 Nýliðun

Eitt megin markmið strandveiða var að auka nýliðun innan sjávarútvegs og opna kerfið. Á töflu 18 má sjá hvenær menn byrjuðu fyrst á strandveiðum og hve margir aðilar sem enn eru á veiðum höfðu ekki reynslu af útgerð áður. Alls eru 38% strandveiðisjómanna sem hófu sína fyrstu útgerð á strandveiðum. Í ár voru tæplega 10% þeirra sem stunduðu strandveiðar að gera það í fyrsta sinn en þar af var rúmlega helmingur (14 af 27) sem hafði ekki verið með útgerð áður. Árið 2009 voru 20% þeirra sem svöruðu könnuninni að byrja sínu fyrstu útgerð.

Tafla 18. Upphaf strandveiða meðal sjómanna.

Taflan sýnir hvenær útgerðarmenn sem stunduðu veiðar árið 2017 byrjuðu á strandveiðum. Fjöldi nýliða á árunum 2009-2017 er einnig sýndur.

Upphafsár	Fyrsta strandveiðisjómanna 2017 (%)	Nýliðar í útgerð (fjöldi) við veiðar 2017
2009	33,1%	13
2010	14,7%	10
2011	9,6%	9
2012	9,6%	8
2013	3,7%	2
2014	4,4%	3
2015	6,6%	8
2016	8,8%	8
2017	9,6%	14

6.2 Útgerð og eignarhald

6.2.1 Yfirráð yfir útgerð, aflahlutdeild og kvótaleiga

Lög um strandveiði kveða á um að hver útgerð, lögaðili, einstaklingur eða eigandi báts megi einungis vera handhafi eins leyfis. Í ljósi þeirra reglna kemur ekki á óvart að 96% aðspurðra áttu sjálfir bátinn sem þeir reru á. Hlutfallið var örlítið lægra árið 2009 eða 90%.

Árið 2009 voru 40% báta sem gerðir voru út á strandveiðar handhafar kvóta en einungis 16,7% þeirra sem svara könnuninni nú eru handhafar kvóta (tafla 19). Þar af eru fjórar útgerðir af þeim 75 útgerðum sem stofnaðar hafa verið til strandveiða komnar með kvóta. Um 30,5% aðspurðra útgerða leigðu til sín kvóta á síðasta ári samanborið við 56% útgerða árið 2009 en 15 þeirra útgerða sem byrjuðu á strandveiðum leigðu til sín kvóta. Útgerðir sem leigðu frá sér kvóta árið 2017 voru 6,3% samanborið við 27% árið 2009.

Tafla 19. Aflaheimildir og kvótaleiga strandveiðibáta.

Taflan sýnir hlutfall báta með aflaheimildir eða sem leigðu til sín/frá sér kvóta árin 2009 og 2017.

	2009	2017
Handhafar aflaheimilda	40%	16,7%
Leigðu til sín kvóta	56%	30,5%
Leigðu frá sér kvóta	27%	6,3%

Útgerðarmenn voru einnig spurðir hvort þeir teldu vega þyngra, efnahagslegan ávinning eða ánægju af veiðunum og hins vegar hversu mikilvægar veiðarnar væru fyrir afkomu viðkomandi (tafla 20). Lík dreifing er á svörum ef frá er talið svæði D þar sem hærra hlutfall stundaði veiðarnar vegna ánægju fremur en af efnahagslegum hvata.

Tafla 20. Mikilvægi strandveiða fyrir sjómenn.

Taflan sýnir svör við spurningum um mikilvægi veiðanna fyrir útgerðarmenn á mismunandi svæðum.

Hvort er mikilvægara	A	B	C	D	Allt landið
Ánægja af veiðunum	24%	34%	21%	43%	28%
Efnahagslegur ávinningur	76%	66%	79%	58%	72%
Mikilvægi veiða fyrir afkomu					
Mjög mikilvægar	51%	52%	42%	52%	50%
Mikilvægar	30%	28%	38%	14%	28%
Hvorki né	12%	10%	13%	16%	13%
Ekki mikilvægar	3%	6%	4%	14%	6%
Alls ekki mikilvægar	4%	3%	2%	5%	4%

6.2.2 Bataflotinn

Meðalaldur strandveiði báta árið 2017 var 26,36 ár (tafla 21) og hefur hækkað umtalsvert síðan 2009 þegar hann var í kringum 20 ár. Tæplega 60% aðspurðra sögðust hafa sjósett bátinn sérstaklega fyrir strandveiðarnar samanborið við 16% frá 2009. Hvað varðar meðaltíma sem fór í að standsetja bátana var hann 11 dagar samanborið við 9 daga sem það tók að sjósetja bátana árið 2009.

Tafla 21. Meðalaldur strandveiðibáta.

Taflan sýnir meðalaldur strandveiðibáta á mismunandi svæðum á árinu 2017 og hvort báturinn var sjósettur fyrir strandveiðar. Meðaltími (dagar) sem tók að standsetja bátinn er einnig sýndur.

	A	B	C	D	Allt landið
Meðalaldur báta	25,88	25,52	27,70	28,00	26,36
Sjósettur fyrir strandveiðar					
Já	69,3%	38,2%	55,6%	63,6%	58,6%
Nei	30,7%	61,8%	44,4%	36,4%	41,4%
Meðaltími sem fór í að standsetja bátinn	9,18	10,92	10,56	17,71	11,22

6.3. Veiðarnar

6.3.1 Sjómennska og aflabrögð

95% hlutfall eigenda bátanna sóttu veiðarnar sjálfir á bátunum sínum og er það nokkur aukning frá árinu 2009 þegar 80% eigenda svöruðu spurningunni jákvætt. Að sama skapi er mun minna um að menn séu að borga öðrum til róa á móti sér eða með sér, eða einungis á 17% báta samanborið við 37% árið 2009. Þegar spurt var hversu margir væru í áhöfn í hverjum veiðitúr voru 6,7% aðspurðra með 2 menn eða fleiri um borð. Í raun var aðeins ein útgerð með 3 eða fleiri í áhöfn. Í flestum tilvikum eða í um 80% tilvika voru laun ákvörðuð út frá hlut, 5% fengu greidd föst laun og 5% upp á akkord.

Hver dagur sem tapast á strandveiðum getur reynst dýrkeyptur. Ástæður þess að bátar fara ekki á sjó eru fyrst og fremst af tvennum toga, vegna bilana eða vegna veðurs. Að auki geta menn misst úr veiðum af ótilgreindum ástæðum. Því voru sjómennirnir spurðir hve marga daga þeir hefðu misst úr vegna bilana, veðurs og annarra skuldbindinga.

Þrátt fyrir að bátar tilheyri sama svæði getur veður haft mismikil áhrif á fjarveru báta frá veiðum. Svæðin eru stór og bátar misvel búnir til að takast á við breytileika íslensks veðurs (tafla 22). Bátar á svæði A misstu fæsta daga enda er fæstum dögum úthlutað til veiða á því svæði. Á öðrum svæðum var meiri fjöldi daga í boði á árinu 2017 og því minni pressa að halda á veiðar. Gátu menn leyft sér að stjórna betur hvenær haldið væri til veiða.

Tafla 22. Fjarvera frá veiðum.

Taflan sýnir fjarveru frá strandveiðum vegna veðurs, bilana eða annarra skuldbindinga í dögum talið á árinu 2017.

Fjarvera vegna veðurs	A	B	C	D	Allt landið
0-5 dagar	69,3%	23,9%	34,9%	9,1%	42,2%
6-10 dagar	28,1%	31,3%	32,6%	22,7%	28,9%
Fleiri en 10 dagar	2,6%	44,8%	32,6%	68,2%	28,9%
Fjarvera vegna bilana					
0-5 dagar	89%	82%	79%	90%	86%
6-10 dagar	6%	8%	14%	5%	8%
Fleiri en 10 dagar	4%	11%	7%	5%	6%
Fjarvera vegna annarra skuldbindinga					
0-5 dagar	85%	70%	67%	59%	74%
6-10 dagar	9%	14%	14%	18%	13%
Fleiri en 10 dagar	6%	16%	19%	23%	13%

Svipað hlutfall báta var með litla fjarveru vegna veðurs og bilana árið 2017 og var árið 2009 eða í kringum 40% vegna veðurs og 85% vegna bilana.

Báatar með 2 handfærarúllur voru sjaldséðir á veiðum sumarið 2017 samanborið við árið 2009. Flestallir báatar eru í dag komnir með 4 rúllur um borð (tafla 23).

Tafla 23. Handfærarúllur um borð.

Taflan sýnir fjölda handfærarúlla um borð í hverjum strandveiðibát á árunum 2009 og 2017.

Fjöldi	2009	2017
2	22%	1%
3	35%	34%
4	44%	65%


Um 60% aðspurðra töldu að veiðarnar hefðu gengið vel og rúmlega fjórðungur taldi að þær hefðu gengið minna en í meðallagi vel (tafla 24). Á svæðum A, C og D eru sjómenn mun jákvæðari gagnvart veiðunum en sjómenn á svæði B þar sem tæplega 50% aðspurðra taldi veiðarnar ganga sæmilega eða mjög illa. Jákvætt viðhorf til veiðanna árið 2009 höfðu 94% á svæði A, 56% á svæði B, 68% á svæði C og 48% aðspurðra á svæði D. Samanborið við niðurstöður ársins 2017 má því greina vaxandi neikvæðni á svæðum A og B en vaxandi jákvæðni á svæði D.

Tafla 24. Gengi strandveiðanna 2017.

Taflan sýnir hversu vel útgerðarmönnum þóttu veiðarnar ganga á árinu 2017.

Hvernig gengu veiðarnar	A	B	C	D	Allt landið
Mjög vel	20%	7%	22%	14%	16%
Ágætlega	51%	32%	46%	48%	45%
Hvorki né	10%	15%	15%	9%	12%
Sæmilega	16%	34%	15%	20%	21%
Mjög illa	4%	12%	2%	9%	6%

Um 27% útgerðarmanna sögðust hafa kastað einhverjum afla frá borði. Flestir sögðust hafa gert það á svæði A eða 36% en fæstir á svæði C og D eða 16-17%. Sjómenn voru einnig spurðir hve stórt hlutfall strandveiðisjómanna þeir teldu hafa gripið til brottkasts á veiðitímabili ársins 2017. Á bilinu 75-80% svarenda á svæðum C og D töldu að innan við 10% strandveiðibáta kastaði einhverjum afla fyrir borð (mynd 12). Á svæði A þar sem mesta veiðin er að jafnaði er þetta hlutfall þeirra sem telja afla kastað frá borði mun lægra eða um 55%. Tæplega 15% aðspurðra á svæði A töldu alla strandveiðisjómenn grípa til einhvers konar brottkasts en svarhlutfall á landsvísu var 10,76 %.



Mynd 12. Brottkast.


Myndin sýnir mat útgerðarmanna eftir svæðum á því hve stórt hlutfall strandveiðisjómanna stundaði brottkast árið 2017. Sýnd eru svör yfir landið í heild. X-ás sýnir hvað útgerðarmenn töldu að hátt hlutfall sjómanna stundaði brottkast við veiðarnar árið 2017 og y-ás sýnir hve hátt hlutfall útgerðarmanna á hverju svæði töldu sjómenn stunda brottkast.

6.3.2 Gæði, verð og afdrif afla

Útgerðarmenn voru einnig beðnir um að meta gæði síns eigin afla. Valmöguleikarnir voru góð, sæmileg eða léleg. Um 95% útgerðarmanna töldu gæði aflans góð og var hlutfallið yfir 90% á öllum svæðum. Það er nokkur hækkun frá því 2009 þegar einungis 77 % sjómanna á svæði C töldu gæði eigin afla vera góð.

Svæði A sker sig úr þegar kemur að því að koma afla á markað. Aðeins um 85% útgerðarmanna selur aflann á markað frá svæði A á meðan yfir 95% á öðrum svæðum selja á markað. Síðan 2009 hefur þetta hlutfall hækkað á öllum svæðum en var einnig lægst á svæði A eða 74% á árinu 2009.

Í yfir 70% tilvika var meðalverð á svæði B sem fékkst yfir sumarið undir 200 kr en nokkuð hærra á öðrum svæðum (mynd 13).



Mynd 13. Verð strandveiðiafla.

Myndin sýnir meðalverð strandveiðiafla eftir svæðum árið 2017 (kr/kg)

6.3.3 Undirbúningskostnaður, aflaverðmæti og tekjur

Útgerðarmenn voru beðnir að meta þrjá þætti í rekstri ársins 2017; undirbúningskostnað, aflaverðmæti og tekjur. Samkvæmt svörum eru heildaraflaverðmæti svipuð á svæðunum fjórum (Tafla 25). Tekjur voru hæstar á svæði A en undirbúningskostnaður mestur á svæði B.

Tafla 25. Kostnaður og tekjur.

Tafan sýnir meðaltals undirbúningskostnað, aflaverðmæti og tekjur útgerðaraðila eftir svæðum árið 2017.

	A	B	C	D	Allt landið
Meðal undirbúningskostnaður	803.654	942.593	667.027	734.648	803.198
Meðal aflaverðmæti	3.538.941	3.506.002	3.698.975	3.571.591	3.562.921
Meðal tekjur	1.204.537	964.565	981.000	775.504	1.040.611

Þegar útgerðaraðilar voru beðnir um að meta tekjur af strandveiðunum voru þeir spurðir eftirfarandi spurningar: „Hverjar voru nettó tekjur þínar af veiðunum? “. Gert var ráð fyrir að í svörum kæmu fram laun og einnig hagnaður útgerðarinnar en svörin sýndu eingöngu hagnað útgerðarinnar. Svör voru gefin á mjög dreifðu bili og voru margir sem skiluðu engum hagnaði

meðan aðrir högnuðust töluvert. Kostnaður sem gæti útskýrt rekstrarkostnað á strandveiðitímabilinu getur verið ólíkustnaður eða óvæntur kostnaður sökum bilana.

6.3.4 Samfélagsleg ábyrgð

Útgerðarmenn voru einnig beðnir um að meta efnahagsleg og samfélagsleg áhrif strandveiðanna á heimahafnir viðkomandi útgerða. Áberandi flestir á svæði A töldu strandveiðarnar hafa jákvæð áhrif, bæði samfélagsleg og efnahagsleg (tafla 26). Á þessu svæði eru margar litlar hafnir sem þjónusta að mestu leyti litlar útgerðir og því viðbúið að áhrif strandveiða hafi meiri áhrif þar sem stórútgerð er ekki er til staðar líkt og er í flestum höfnum á svæði D.

Tafla 26. Efnahags- og samfélagslegt mikilvæði strandveiða.

Taflan sýnir mat útgerðarmanna á mismunandi svæðum á efnahagslegu og samfélagslegu mikilvægi strandveiða fyrir sína heimahöfn árið 2017.

Hvert telur þú að efnahagslegt mikilvægi strandveiða sé fyrir þína heimahöfn	A	B	C	D	Landið Allt
Mjög mikið	71,68%	57,35%	46,67%	40,48%	58,96%
Mikið	16,81%	33,82%	24,44%	38,10%	25,75%
Hvorki né	7,96%	7,35%	22,22%	14,29%	11,19%
Lítið	1,77%	1,47%	2,22%	7,14%	2,61%
Mjög lítið	1,77%	0,00%	4,44%	0,00%	1,49%
Hvert telur þú að samfélagslegt mikilvægi strandveiða sé fyrir þína heimhöfn					
Mjög mikið	71,93%	57,35%	48,89%	48,84%	60,74%
Mikið	19,30%	32,35%	35,56%	37,21%	28,15%
Hvorki né	6,14%	10,29%	8,89%	9,30%	8,15%
Lítið	0,88%	0,00%	6,67%	4,65%	2,22%
Mjög lítið	1,75%	0,00%	0,00%	0,00%	0,74%

6.4 Mat á fyrirkomulagi veiðanna

6.4.1 Aflhámark og lengd veiðiferðar

Við samanburð á dagshámarki áranna 2009 og 2017 þarf að taka tillit til þess að allur afli var talinn til jafns árið 2009. Menn gátu þá veitt 26 kg meira af þorski án þess að fá sekt en að miða hámarkið við þorskígildiskíló gerði mönnum kleift að veiða meira heildarmagn án þess að vera sektaðir. Þegar borin eru saman viðhorf manna til dagshámarksins árið 2009 og árið 2017 kemur í ljós að tæplega 2/3 töldu kvótann hæfilegan árið 2009 en einungis tæplega helmingur svarenda árið 2017 (tafla 27).

Flestum þótti 14 klst hámark á dagsróðri hæfilegt en mest ósætti var um það á svæði C. Þrátt fyrir að 68,38% útgerðarmanna teldu hámarkið hæfilegt, voru 45% svarenda sem fannst ekki rétt að takmarka hámarkstíma róðurs.

Tafla 27. Dagshámark.

Taflan sýnir mat útgerðarmanna á árinu 2017 á dagshámarki strandveiða og 14 klst. hámarki veiðiferðar.

Dagshámarkið var...	A	B	C	D	Allt landið
Hæfilegt	47,37%	40,91%	44,44%	52,27%	46,13%
Of lítið	50,88%	54,55%	55,56%	47,73%	52,03%
Of mikið	1,75%	4,55%	0,00%	0,00%	1,85%
Var 14 klst hámark veiðiferðar....					
Of mikið	0,88%	5,88%	0,00%	0,00%	1,84%
Hæfilegt	74,56%	66,18%	60,00%	65,12%	68,38%
Of lítið	24,56%	27,94%	40,00%	34,88%	29,78%
Finnst þér rétt að takmarka hámarksfjölda klukkustunda á róður?					
Já	63,96%	44,78%	57,78%	45,45%	55,02%
Nei	36,04%	55,22%	42,22%	54,55%	44,98%

6.4.2 Dagatakmarkanir og fyrirkomulag banndaga

Á fyrsta ári strandveiðanna árið 2009 voru dagatakmarkanir aðeins á föstudögum og laugardögum en árið eftir bættust sunnudagar við. Rúmlega 50% vildu breyta fyrirkomulaginu með banndaga (tafla 28) samanborið við 40% árið 2009. Skiptar skoðanir voru um þetta á milli svæða og vildu aðeins 34% svarenda á svæði C breyta banndögum en um tvöfalt hærra hlutfall eða 69% svarenda á svæði D. Mikil jákvæðni virðist vera um land allt gagnvart sóknarmarki innan strandveiða eða 76,98%. Það er mikill viðsnúningur frá 2009 þegar aðeins um 30% voru hlyntir sóknarmarki.

Strandveiðimenn höfðu ýmsar hugmyndir um útfærslu sóknarfæris sem nýttist til strandveiða. Flestir vildu sjá dögum úthlutað eftir mánuðum þannig að hver og einn bátur fengi fasta daga í hverjum mánuði sem sækja mætti skammtinn og sá dagafjöldi yrði ekki skertur eftir að dögnum hefði verið úthlutað. Aðrir nefndu að dögnum yrði úthlutað fyrir heilt strandveiðitímabil hverju sinni og gætu menn ráðið hvenær þeir væru nýttir. Flestar þær hugmyndir sem fram komu miðuðust við að óöryggi fylgdi því þegar veiðar væru stöðvaðar innan tímabilsins.

Tafla 28. Banndagar.

Taflan sýnir viðhorf útgerðarmanna til fyrirkomulags banndaga. Svör árið 2017 eru flokkuð eftir svæðum.

Viltu hafa fyrirkomulag banndaga með öðrum hætti en fös, lau eða sun	A	B	C	D	Allt landið
Já	47,79%	60,61%	34,09%	69,05%	51,69%
Nei	52,21%	39,39%	65,91%	30,95%	48,31%
Viltu láta taka upp dagatakmarkanir í strandveiðum (fjöldi daga á hvern bát, sóknarmark)					
Já	86,73%	76,56%	62,79%	69,77%	76,98%
Nei	13,27%	23,44%	37,21%	30,23%	23,02%


Um helmingur aðspurða eða 137 af 274 voru hlyntir breytingum á banndögum og er tillögum þeirra raðað eftir fylgi hér fyrir neðan þar sem tillögur sem fengu flesti atkvæði raðast efst:

- Frjálsar veiðar innan vikunnar þannig að skipstjóri ráði hvenær hann fari út (77 atkvæði).
- Bæta við 5. deginum á sunnudegi eða föstudegi (24 atkvæði).
- Sóknarmark (23 atkvæði).

Eftirfarandi tillögurhlutu 1-3 atkvæði hver:

- Mánudagar eftir sjómannadag verði banndagar.
- Setja megi banndaga á þá sem eru ítrekað að koma með of mikinn afla í land.
- Sleppa banndögum á uppstigningardegi og hvítasunnu.
- Þegar menn nefndu sóknarmark töluðu þeir um ákveðinn fjölda daga sem hverjum bát væri úthlutað í hverjum mánuði.

Flestum fannst að gefa ætti skipstjórum meira frelsi innan vikunnar og að þeir mættu ráða hvaða 4 daga vikunnar yrði róíð (mynd 14). Á svæðum A, B og D vildu yfir 60% sjómanna meira frelsi til að stjórna hvenær þeir færu út en flestir sem voru mjög ósammála þessu voru á svæði C (13,33% aðspurðra).



Mynd 14. Aukið frelsi til veiða.

Myndin sýnir mat útgerðarmanna á auknu frelsi skipstjóra til veiða.

6.4.3 Aflaheimildir og skipting svæða

Síðan strandveiðarnar byrjuðu hefur svæðaskiptingin haldist sú sama. Tæplega 50% aðila á svæði A telja svæðaskiptinguna henta illa eða mjög illa en einungis 8% aðila á svæði B og C voru ósáttir með hana (tafla 29). Hlutfall ósáttra á öllum svæðum er svipað og árið 2009. Aðeins 0,74% útgerðarmanna töldu úthlutunina of mikla á sínu svæði (tafla 29). Mest er óánægjan á svæði A þar sem tæplega 95% manna töldu úthlutunina vera of litla. Samanborið við könnunina árið 2009 hefur orðið aukning á óánægju allra svæða með úthlutun afla.

Tafla 29. Svæðaskipting og afl.

Taflan sýnir viðhorf útgerðarmanna til núverandi svæðaskiptingar og úthlutunar afla eftir svæðum árið 2017.

Hvernig telur þú núverandi svæðaskiptingu henta?	A	B	C	D	Allt landið
Mjög vel	8,85%	29,85%	35,56%	16,67%	20,07%
Vel	17,70%	32,84%	35,56%	14,29%	23,79%
Hvorki né	24,78%	29,85%	20,00%	30,95%	26,02%
Illa	23,89%	2,99%	8,89%	19,05%	15,61%
Mjög illa	24,78%	4,48%	0,00%	19,05%	14,50%
Finnst þér úthlutun afla á þínu svæði samanborið við önnur svæði hafa verið of lítil, hæfileg eða of mikil?					
Of mikil	0,88%	0,00%	2,22%	0,00%	0,74%
Hæfileg	4,39%	34,85%	42,22%	54,76%	26,39%
Of lítil	94,74%	65,15%	55,56%	45,24%	72,86%

6.4.4 Veiðitímabil strandveiða


Yfirgnæfandi meirihluti útgerðarmanna á svæði A reyndist vera fylgjandi fjögurra mánaða veiðitímabili maí-ágúst en yfir 60% útgerðarmanna á svæði D voru andvígir sama tímabili.

Tafla 30. Veiðitímabilið.


Taflan sýnir viðhorf útgerðarmanna til núverandi veiðitímabils sem stendur yfir maí-ágúst. Svör útgerðarmanna á árinu 2017 eru flokkuð eftir svæðum.

Hvernig hentar veiðitímabilið maí - ágúst?	A	B	C	D	Allt landið
Mjög vel	30,70%	13,24%	11,36%	11,63%	20,30%
Vel	44,74%	33,82%	36,36%	6,98%	34,69%
Hvorki né	17,54%	25,00%	29,55%	18,60%	21,40%
Illa	5,26%	22,06%	15,91%	48,84%	18,08%
Mjög illa	1,75%	5,88%	6,82%	13,95%	5,54%

Núverandi tímabilaskipting hentar svæði A einkar vel þar sem fiskigengd helst ágæt allt tímabilið. Því kemur ekki á óvart að flestir svarenda á svæði A vilji hefja strandveiðar í apríl-maí (mynd 15). Fiskurinn gengur á svæði B og C seinna með sumrinu eða yfirleitt í lok maí og vilja strandveiðimenn á þeim svæðum því hefja veiðarnar ívið seinna eða í maí-júní. Flestir aðspurðra vildu strandveiðar yfir 4-6 mánaða tímabil og um 10% vildu gera strandveiðarnar frjálssar (mynd 16).




Mynd 15. Viðhorf útgerðarmanna til upphafs strandveiðitímabilsins.



Mynd 16. Viðhorf útgerðarmanna til lengdar strandveiðitímabilsins.

6.4.5 Heildarmat á fyrirkomulaginu, framtíðarhorfur og tillögur að breytingum

Árið 2009 var mikil sátt um kerfið enda nýjar og spennandi veiðar nýbúnaar að ljúka sínu fyrsta sumri. Um það bil 95% aðspurðra sögðust á þeim tíma vera sáttir við núverandi kerfi. Mestur var stuðningur á svæðum D (97%) og B (94%) en minni á svæði C (89%) og minnstur stuðningur var á svæði A (82%). Mun minni sátt er um kerfið á árinu 2017 og eru fleiri útgerðaraðilar ósáttir en sáttir með kerfið (mynd 17). Hér sker svæði C sig nokkuð úr en mest sátt með kerfið virðist ríkja á því svæði.



Mynd 17. Viðhorf útgerðarmanna til núverandi strandveiðikerfis.

Í kjölfar spurningalistans var útgerðarmönnum gefinn kostur á að koma með hugmyndir að breytingum á strandveiðunum, hvernig unnt væri að þjóna byggðunum betur með strandveiðunum og að lokum hvort það væri eitthvað sem útgerðarmenn vildu koma á framfæri varðandi strandveiðarnar.

Tillögur svarenda um það hvernig breyta mætti strandveiðum til betri vegar.

- Lengja veiðitíma: annað hvort að lengja tímabilið sem veitt er með fleiri dögum í mánuði eða fleiri mánuðum sem mönnum stendur til boða að veiða í (82 atkvæði).
- Meiri sveigjanleika: Flestir nefndu að rétt væri að skipstjóri fengi að ráða meiru um hvernig hann hagaði sínum veiðum, hvort heldur hvaða daga veitt er eða veiðitíma í hverri ferð. Bæta þyrfti upp fyrir daga sem falla niður vegna veðurs. Bæta hagkvæmni strandveiðanna með því að setja vikuskammt en ekki dagskammt og að fiskinn megi veiða í einni ferð (77 atkvæði).
- Veita auknar aflaheimildir í kerfið en það stuðlar að fleiri dögum og meiri verðmætasköpun (62 atkvæði).
- Föstum dagafjölda úthlutað á bát, sóknarmark (50 atkvæði).
- Hækka aflahámark til að stuðla að umhverfisvænni veiðum. Ólíueyðsla í hámarki við að takmarka dagsafla (12 atkvæði).
- Kerfisbreyting, setja í kvóta eða gera veiðar frjálssar (12 atkvæði).
- Deila út aflaheimildum innan strandveiðikerfisins (10 atkvæði).

Eftirfarandi tillögur hlutu færri en 10 atkvæði hver:

- Auknar refsingar á þá sem veiða of mikið.
- Breyta afladreifingu milli svæða.
- Allan afla á markað.
- Breyta stuðli á ufsa og leyfa aðrar tegundir en þorsk sem meðafla.
- Betri stjórn á veiðunum.
- Minni eftirlitskostnað.
- Stöðva alla sama dag.

- Breyta svæðaskipan.
- Umframaflí deilist á daga þar sem skammturinn hefur ekki náðst.
- Umsóknarfrestur til að hefja strandveiðar renni út 1. apríl og ekki sé hægt að komast inn eftir það.
- Opna fyrir leigu á kvóta fyrir strandveiðiskip þegar veiðar eru stöpp á svæðum yfir sumartímenn.
- Bannað að beita.
- Komast úr strandveiðikerfinu um leið og lokað er fyrir veiðar í ágúst á því svæði sem heimild er úthlutað í. *Hér er átt við að bátur geti komist strax inn í krókaflamarkið og veitt eða leigt til sín kvóta um leið og strandveiðiafli á ákveðnu svæði klárast í ágústmánuði. Í núverandi kerfi þarf báturinn að bíða fram til 1. september þegar nýtt fiskveiðiár hefst.*

Tillögur um hvernig hægt væri að þjóna byggðunum betur með strandveiðum:

- Auka kvóta, sérstaklega oft nefnt að flytja byggðakvótann yfir í strandveiðarnar (98 atkvæði).
- Lengja tímabilin sem strandveiðar eru stundaðar (39 atkvæði).
- Frjálsar handfæraveiðar (22 atkvæði).
- Meiri sveigjanleika í strandveiðikerfið (20 atkvæði).

Aðrar tillögur hlutu minna en 10 atkvæði hver:

- Ná upp fiskverði á mörkuðum.
- Betra aðgengi að ís.
- Lækka veiðigjöld.
- Auka dagsheimildir.
- Betri dreifing heimilda.
- Gegnsæi á mörkuðum.
- Strandveiðar eru ekki lausn á byggðavandamálum.
- Efla strandveiði.
- Binda heimildir við löndunarhafnir en ekki svæði.
- Tengja meira við ferðaþjónustu.
- Herða reglur um búsetu.
- Bæta hafnarmannvirki.
- Loka fyrir fjarðaskak.
- Fella niður 50.000 kr. hafnargjaldið sem er hluti af gjöldum fyrir strandveiðileyfi.
- Veiðigjald renni til hafna sem afla er landað til.
- Minnka miðstýringu í kerfinu. Meira vald til byggða sem eiga að geta séð um veiðar í sínum firði.

Að lokum var spurt hvort viðkomandi vildi koma einhverju á framfæri varðandi fyrirkomulag strandveiðanna. Flest svör innihéldu sama boðskap og svörin að ofan en fyrir neðan eru listuð atriði sem ekki hafði verið búið að benda á með einum eða öðrum hætti.

- Auka öryggi strandveiða.
- Lágmark að hafa kerfið þannig að hægt sé að lifa af því.
- Var mjög ósáttur við LS sem alltaf væri að þylja upp í fjölmiðlum aflahæstu bátana.
- Efla vistvænar strandveiðar.

- Veiðarnar eru heilsubætandi fyrir menn á eldri árum, draga úr þunglyndi og efla þor og kjark.
- Aðlaga kerfið svo úr verði nýliðun.
- Skelfileg könnun með einkennilegum spurningum.
- Setja Hornafjörð á réttan stað í kerfið.
- Var lengi á togurum þar sem mikið brottkast er stundað, fiskur særast og merst í möskvum og afla hent þegar nýtt hol er híft inn. Umgengni við auðlindina á strandveiðum er til fyrirmyndar, félagslegur ávinningur mikill og umhverfisáhrif pr.kg. lítil.
- Mér finnst að þeir sem hafa stundað sjóinn alla sína tíð ættu að fá tækifæri til þess að trappa niður og geta verið með sinn eigin bát. Við erum búnir að hjálpa öðrum til þess að eignast aflaheimildir.
- Eins og er hef ég ekkert nema ánægjuna útúr þessu. Er að borga bátinn og vil endilega sem gamall sjómaður sem hef gert sjómensku að ævistarfi að ég geti haft einhverja afkomu af þessu og þurfi ekki alltaf að berjast í bökkum með útgerðina.
- Hafa val-daga til að auka öryggi.
- Ég er 54 ára gamall byrjaði til sjós 1978. Ég vona að ég fái að stunda strandveiðar sem fullt starf í framtíðinni sem gamall sjómaður því öll mín menntun er tengd sjó og lítil eftirspurn eftir gömlum sjómönnum.
- Ólympískar veiðar eru hættulegar.
- Nauðsynlegt fyrir eyþjóð að hafa eitthvert kerfi þar sem fólk getur komið sér af stað innan sjávarútvegsins.
- Taka þarf mun mun harðar á fölskum skráningum og að einungis eigendur rói. Svifta menn umsvifalaust leyfinu ef þeir geyma afla yfir nótt í bátum og selja sem nýjan daginn eftir, s.s. veiða tvöfalt ef spáir brælu.
- Nei!

7. Samantekt

Að loknum strandveiðum 2017 er staða veiðanna óljósari en oft áður. Aldrei hafði jafnmikið af aflaheimildum verið sett inn í kerfið en þrátt fyrir það höfðu aldrei jafn fáir bátar sótt strandveiðarnar frá því þær hófust árið 2009. Vegna lélegs afurðaverðs á fiskmörkuðum skiluðu aukin aflabrogð ekki meiri pening í pyngjuna. Þess í stað voru heildaraflaverðmæti á bát að meðaltali lægri en á síðastliðnu ári þrátt fyrir að hver bátur aflaði um 20-30% meira. Á þeim árum sem strandveiðar hafa verið stundaðar hafa þær vakið upp stemmingu í höfnum landsins. Sérstaklega í smáum höfnum sem liggja nálægt gjöfum fiskimiðum. Arnarstapi er dæmi um eina slíka en í byrjun maímánaðar er ekki óalgengt að sjá um 40-50 báta bundna saman í þremur lengjum út frá bryggjukantinum. Þrátt fyrir þennan fjölda af bátum eru áhrifin skammvinn fyrir samfélagið því sjómennirnir eru oft á tíðum einungis staddir á svæðinu á meðan opið er fyrir veiðar. Því markar einstaklingur ekki djúp spor er hann kemur út á land til þess eins að stunda strandveiði.

Á fyrsta ári strandveiða var hámarksafli bundinn við magn upp úr sjó, sama hvaða tegund fiskaðist. Það hafði þann galla í för með sér að lítill hvati var til að hirða allan afla sem kom inn fyrir borðstokkinn ef það var eitthvað annað en þorskur. Því var ákveðið að festa hámarkskvótann í þorskígildi og reyndist það vel næstu árin, á meðan verð á ufsa fór

hækkandi. Þetta gaf strandveiðisjómönnum auka leið til að bjarga róðri með mannsæmandi aflaverðmætum ef þorskurinn var tregur til en ufsinn var að gefa sig.

Meðan verð fer hækkandi er þorskígildisstuðullinn að vinna með strandveiðisjómönnum þar sem hann er reiknaður út frá verði síðasta árs. Um leið og verð fer lækkandi gerir stuðullinn sjómönnum erfitt fyrir að fiska aukategundir því verðmætin eru ekki nægilega mikil. Þrátt fyrir að verð á ufsa hafi lækkað úr 164 kr/kg árið 2015 í 69 kr/kg árið 2017 breyttist þorskígildisstuðullinn lítið, eða úr 0,81 í 0,79. Á fiskveiðiárinu 2017/18 er stuðullinn 0,72. Ef borið er saman meðalverð á þorski og ufsa á strandveiðum hefði stuðullinn átt að vera 0,35. Þorskígildisstuðullinn reiknast þó einnig út frá aflaverðmætum sem fást frá öðrum veiðarfærum á ufsa. Verð fyrir ufsafla frá öðrum veiðarfærum er enn nokkuð hátt og annað en verð til strandveiðisjómanna og því lækkar þorskígildisstuðullinn ekki.

Mikil ánægja var með strandveiðikerfið eftir fyrsta árið en ánægja með kerfið hefur dvínað, sem verður að teljast eðlilegt þar sem fiskverð hefur lækkað mikið. Margt spilar þar inn en tveir veigamiklir þættir eru gengisstyrking krónunnar og forsendubreytingar sem orðið hafa á ufsaveiðum innan kerfisins. Markaðurinn hefur einnig lært inn á strandveiðikerfið og þekkt er að fyrstu vikur hvers mánaðar að sumri til hrúgast fiskur inn á markað frá strandveiðibátum og sem leiðir til lækkunar verðs á mörkuðum. Bátar á krókaflamarki hafa þannig gjarnan beðið eftir í höfninni á meðan þetta gengur yfir. Strandveiðarnar eru eini hluti íslensks sjávarútvegs sem er ekki að einhverju leyti markaðsdrifinn. Strandveiðisjómenn sitja því ekki við sama borð og aðrir þegar kemur að vali um það hvenær haldið skuli til veiða í því markmiði að skila inn sem verðmætastri afurð til lands.

Til að koma til móts við þetta er mikil umræða meðal strandveiðisjómanna um að liðka um fyrir sjómönnum með því að taka upp vikuhámark, skipstjórar ráði hvaða daga veitt sé eða fara aftur í sóknarmark. Allt miðar þetta að hagræðingu á veiðum þegar kreppir að strandveiðiútgerð. Langflestir strandveiðisjómenn hafa líklega lent í því að þurfa að hætta í góðu fiskiríi af því að þeir voru að verða komnir með skammtinn.

Hinn dæmigerði strandveiðisjómáður er karlmaður yfir 50 ára aldri, gerir út á bátum sínum einn í áhöfn og með 4 rúllur um borð. Hann hefur áður unnið í sjávarútvegi eða starfar í sjávarútvegi samhliða strandveiðum. Það tekur hann um 11 daga að gera bátinn tilbúinn til veiða, hann selur allan afla á markað og heildartekjur eftir vertíðina eru tæplega milljón krónur.

Eitt af yfirlýstum markmiðum með strandveiðikerfinu var að auka nýliðun í kerfinu. Árið 2009 höfðu 20% útgerðaraðila ekki verið viðloðandi útgerðarrekstur áður. Árið 2017 var þetta hlutfall 10%. Um 36% þeirra bátaútgerða sem svöruðu spurningalistanum árið 2017 eru útgerðir reknar af aðilum sem hófu sinn útgerðarferil í strandveiðum. Samkvæmt úttektinni hafa um 5 % þeirra sem hófu útgerð á strandveiðum og stunduðu veiðar í ár keypt til sín aflaheimildir. Ekki er hægt að útiloka að útgerð sem byrjaði á strandveiðum sé í dag eingöngu að veiða utan strandveiðikerfisins. Þær útgerðir sem byrjuðu á einhverjum tímapunkti í strandveiðum en eru nú utan strandveiða og stunduðu ekki strandveiðar 2017 ná ekki inn í þessa úttekt þar sem könnunin var einungis send á strandveiðisjómenn sem stunduðu veiðarnar árið 2017.

Strandveiðikerfið hefur ekki verið sú brú fyrir nýliða inn í aflamarkskerfið sem vonast var eftir. Að sama skapi vara veiðarnar ekki nægilega lengi til að strandveiðiútgerð sé raunhæfur atvinnumöguleiki allt árið og því hætt við því að talað verði um strandveiðikerfið sem „hobby-sjómennsku“. Nokkrir aðilar sem rætt var við nefndu að ein megin ástæða þess að þeir hefðu

upphaflega farið í kerfið hefði verið til að afla veiðireynslu ef ske kynni að kerfið yrði aflagt og strandveiðisjóómönnum úthlutað aflamarki byggt á veiðireynslunni.

Þann 4. ágúst 2017 var auka afla veitt í strandveiðikerfið til að auka dagafjöldann sem veiðar voru stundaðar í ágúst mánuði. Það er skemmst frá því að segja að veiðar í ágúst vörðu mun lengur samanborið við í ágúst 2016 og náðist markmið ráðherra að lengja veiðitímabilið um 2 daga á öllum svæðum þennan mánuðinn. Aðeins einu sinni áður hafði svæði A fengið jafn marga daga í ágúst mánuði sem var árið 2014.

Litlar breytingar hafa verið gerðar á strandveiðum síðan þær voru settar á og nægir þar að nefna að refsingar og viðurlög eru enn þau sömu, sem og hlutdeild mánaða innan svæða sem ekki hefur verið breytt eða endurskoðað frá 2010 til að aðlaga betur að hvernig fiskast á hverju svæði fyrir sig á hverjum árstíma.

Hér fyrir neðan er gefið þversnið af því hvernig veiðarnar hafa gengið á svæðunum A-D á árunum 2009-2017. Þegar aflaverðmæti á hvern bát er reiknað er tölum Hagstofunnar beytt þar sem heildarafli þess árs af þorski, ufsa, ýsu og karfa innan svæðisins er margfaldaður með meðalverði sem fékkst fyrir afurðina á strandveiðum á öllu landinu. Verð er vissulega mismunandi milli landshluta og daga en þessar tölur gefa alla vega meðaltals mynd af aflaverðmætum hvers svæðis.

7.1 Svæði A

Svæði A einkennist af mjög harðri sókn þar sem meðal þorskaflí í hverjum róðri er hvergi hærri. Þróun ýmissa þátta hvað varðar hvern bát og hvern róður á árunum 2009-2017 er sýnd í töflu 31. Svæði A er það svæði sem er yfirleitt fyrst til að klára skammtinn sinn í hverjum mánuði. Þar eru aflaheimildir mestar og flestir bátar sem stunda veiðar. Svæði A er líka þar sem flestir smábátasjómenn voru skrásettir fyrir strandveiðar þar sem fengsæl fiskimið eru steinsnar frá bryggju í Breiðafirði og á Vestfjörðum. Mikið af strandveiðisjómönnum úr Faxaflóa flytja sig yfir á svæði A til að komast í meira fiskirí.

Tafla 31. Afli og aflaverðmæti á bát á svæði A eftir árum.

Taflan sýnir afla í tonnum og aflaverðmæti í krónum, á bát á svæði A á árunum 2009-2017. Einnig má sjá fjölda róðra á strandveiðitímabilinu, afla og aflaverðmæti á hvern róður.

Svæði A	Afli á bát	Þorskaflí á bát	Aflaverðmæti á bát	Fjöldi róðra	Afli hvern róður	Þorskaflí hvern róður	Aflverðmæti róðurs
2009	8,21	7,81	1.782.140	12,81	640,8	609,4	139.118
2010	8,96	8,43	2.551.456	13,74	652,1	613,4	185.660
2011	11,38	10,52	3.105.718	18,34	620,7	573,6	169.378
2012	10,24	9,69	3.055.070	16,89	606,4	573,7	180.880
2013	11,59	10,86	2.960.528	21,54	538,0	503,9	137.418
2014	12,12	11,61	3.312.431	20,70	585,6	560,6	160.008
2015	12,76	12,06	3.445.863	20,87	611,5	577,9	165.089
2016	13,04	12,71	3.294.186	18,11	720,0	701,7	181.879
2017	16,28	16,00	3.203.442	24,37	668,1	656,7	131.474

Mikil óánægja hefur verið með afladreifinguna á svæði A þar sem strandveiðisjómenn á því svæði hafa þurft að horfa upp á önnur svæði standa opin mun lengur en þeirra svæði. Á mótí kemur að ekkert hinna svæðanna er betur til þess fallið að stunda veiðar innan kerfisins. Veiðitímabilið er sniðið fyrir maí-ágúst og auðvelt er að finna skjól innan fjarða Vestfjarða eða sunnan og norðan megin við Snæfellsnes ef veður verða válynd. Góð fiskimið eru yfirleitt skammt frá flestum höfnum á svæðinu og eykur það enn á aðráttarafi A-svæðis sökum þess hve olúkostnaður er hátt hlutfall af kostnaði við rekstur strandveiðiútgerðar.

Afli er mestur að meðaltali á hvern róður á svæði A og þorskaflí á hvern róður sömuleiðis. Meðalfjöldi róðra á hvern bát hefur alltaf verið minnstur á hverju ári á svæði A en vegna þess hversu fáa róðra menn á svæði A fá hafa þeir ekki verið meðal þeirra aflahæstu eða þeirra sem skilað hafa hvað mestum aflaverðmætum yfir tímabilið.

7.2 Svæði B

Svæði B nær yfir allt norðvesturland og að Grenivík. Mörgum þótti sérstakt að Grenivík tilheyrði ekki svæði C en skiptingin var ákveðin austan við Eyjafjörð. Tímalega séð myndi henta betur fyrir strandveiðimenn í Húnaflóanum að hefja veiðar í júní því fyrir þann tíma veiðist verðminni fiskur. Meðalafli á róðri er minni en á svæði C en aflaverðmætin örlítið meiri á bát (töflur 32 og 33). Bátar frá Siglufirði sem og Grímseyjarbátarnir geta auðveldlega sótt til beggja átta. Ufsi var á þessu svæði mun stærri hluti af veiðunum á fyrstu árum strandveiðanna en með lægra verði hættu menn að sækja jafn mikið í hann.

Tafla 32. Afli og aflaverðmæti á bát á svæði B eftir árum.

Taflan sýnir afla í tonnum og aflaverðmæti í krónum, á bát á svæði B á árunum 2009-2017. Einnig má sjá fjölda róðra á strandveiðitímabilinu, afla og aflaverðmæti á hvern róður.

Svæði B	Afli á bát	Þorskaflí á bát	Aflaverðmæti á bát	Fjöldi róðra	Afli hver róður	Þorskaflí hvern róður	Aflverðmæti róðurs
2009	7,8	6,2	1.554.067	14,6	533,3	424,2	106.552
2010	9,1	7,2	2.424.604	17,1	533,8	418,2	141.464
2011	14,1	11,8	3.728.503	25,7	547,6	460,8	145.214
2012	12,8	10,9	3.678.116	22,9	557,6	473,4	160.343
2013	14,3	13,3	3.658.967	25,7	555,5	515,0	142.105
2014	15,1	14,0	4.087.830	27,4	549,4	511,1	148.958
2015	14,9	13,3	3.964.514	26,1	572,7	511,3	152.025
2016	14,1	13,1	3.511.952	25,1	564,2	523,9	140.102
2017	16,4	15,5	3.201.459	28,5	574,5	541,6	112.142

7.3 Svæði C

Árin 2014 og 2016 komu aflahæstu bátarnar frá svæði C (tafla 33) sem státar af hæsta meðaltali af fjölda róðra og næsthæsta meðalafla og meðal þorskafla. Afli á hvern bát er líka langhæstur í svæði C. Í könnuninni voru það strandveiðisjómenn á svæði C sem mældust hvað sáttastir við kerfið eins og það er í dag. Helsta umkvörtunarefni manna sem búa austast á svæði C er að tímabilið nái ekki fram í september.

Tafla 33. Afli og aflaverðmæti á bát á svæði C eftir árum.

Taflan sýnir afla í tonnum og aflaverðmæti í krónum, á bát á svæði C á árunum 2009-2017. Einnig má sjá fjölda róðra á strandveiðitímabilinu, afla og aflaverðmæti á hvern róður.

Svæði C	Afli á bát	Þorskafla á bát	Aflaverðmæti á bát	Fjöldi róðra	Afli hver róður	Þorskafla hvern róður	Aflverðmæti róðurs
2009	9,2	7,9	1.907.017	16,9	542,6	468,1	112.581
2010	10,4	7,5	2.672.124	19,9	524,5	375,8	134.119
2011	15,4	13,0	4.084.263	29,1	528,2	448,0	140.303
2012	14,0	11,9	4.039.496	25,9	539,0	460,7	155.961
2013	14,6	12,7	3.643.229	29,1	500,1	437,0	125.009
2014	15,7	13,9	4.183.020	28,7	546,6	485,0	145.919
2015	15,5	14,3	4.179.295	25,8	603,4	556,6	162.271
2016	15,1	14,2	3.777.685	25,9	582,7	547,0	145.750
2017	18,8	18,1	3.689.268	28,9	649,4	626,6	127.670

7.4 Svæði D

Svæði D nær frá Borgarbyggð til Hafnar í Hornafirði. Skip innan svæðisins getur verið að fiska í Faxaflóa á sama tíma og annað skip er að veiða út frá Hvítungi milli Hafnar og Djúpvogs. Á þessu svæði er minnstur þorskaflí á hvern bát, minnstur aflí og minnst aflaverðmæti samanborið við hin svæðin (tafla 34 og töflur 31-33). Þó hefur bátur innan svæðisins verið aflahæstur á veiðunum þar sem oft getur fiskast vel austur á Höfn í ágúst meðan lítið fiskast kringum Reykjanesið og í Faxaflóa. Bátar á Höfn geta þannig fengið marga daga í ágætis fiskiríi.

Tafla 34. Aflí og aflaverðmæti á bát á svæði D eftir árum.

Taflan sýnir aflá í tonnum og aflaverðmæti í krónum, á bát á svæði D á árunum 2009-2017. Einnig má sjá fjölda róðra á strandveiðitímabilinu, aflá og aflaverðmæti á hvern róður.

Svæði D	Aflí á bát	Þorskaflí á bát	Aflaverðmæti á bát	Fjöldi róðra	Aflí hver róður	Þorskaflí hvern róður	Aflaverðmæti róðurs
2009	4,2	2,5	726.147	11,4	367,2	218,7	63814,22202
2010	6,0	3,8	1.467.444	12,6	480,4	302,9	116566,622
2011	9,8	5,8	2.276.800	20,3	481,3	285,2	112231,0905
2012	9,9	6,4	2.586.995	22,4	442,2	287,7	115497,5732
2013	11,6	6,3	2.404.160	25,0	463,0	251,0	96196,21088
2014	11,4	8,0	2.758.850	25,2	451,6	315,4	109322,9982
2015	10,9	7,8	2.667.147	23,4	465,8	332,9	113745,9961
2016	10,5	8,7	2.448.811	19,6	537,1	441,2	124754,5313
2017	14,4	12,4	2.620.098	25,5	563,4	486,4	102786,9778

Svæðaskipting innan svæðis D hefur verið umdeild og sagt að Höfn gæti runnið í svæði C á meðan Arnarstapi myndi renna í svæði D. Þá væru hafnir innan Faxaflóa allar undir sama svæðinu. Flestir þeir sem eiga lögheimili á öðru svæði en þeir gera út frá búa í svæði D og því þykir mörgum augljóslega fýsilegri kostur að veiða annars staðar en á svæði D þar sem enginn flutti sig yfir á það svæði.

8. Umræður

Erfitt er að spá fyrir um framtíðarhorfur strandveiða. Verð á ufsa er enn lágt á mörkuðum og lækkaði örlítið frá ágúst til september í ár. Ef ekkert breytist varðandi meðafla verður ufsaafli því að öllum líkindum í lágmarki á komandi strandveiðum.

Nokkur umræða hefur verið um það hvort tengja megi strandveiðar ferðabjónustu. Ferðamenn heillast margir hverjir af sjarma strandveiðanna þegar þeir sjá lífið á litlum höfnum sem staðsettar eru nálægt ferðamannastraumnum. Þó er ljóst að þótt ferðamenn séu reiðubúnir til að borga fyrir að fara einn túr með strandveiðibát er ekki sjálfgefið að það sé leyft. Strandveiðihafnir hafa misgott aðgengi að ferðamönnum og gæti slíkt líklega skapað aukatekjur fyrir sjómenn í slíkum höfnum. Undirbúa þyrfti reglur í kringum þetta því ef slys verða við slíka ferðamennsku gæti það haft afdrifaríkar afleiðingar í för með sér. Ljóst er því að skapa þyrfti gífurlega flókið regluverk til að sameina þetta tvennt og stangast það verulega á við einfaldleika strandveiðanna.

Þótt strandveiðar hafi ekki náð takmarki sínu með nýliðun innan greinarinnar þá má í því sambandi nefna að mikil samkeppni er almennt um vinnuafl á Íslandi. Strandveiðar hafa glætt nýtt líf í margar litlar hafnir úti á landi sem áður höfðu tapað aflaheimildum og hafa veiðarnar hleypt mönnum inn sem sáu sér ekki fært að komast inn í kerfið eins og það var áður. Við upphaf strandveiðanna voru ýmsir sjómenn að gera því skóna að afli sem þeir öfluðu á fyrsta ári veiðanna myndi leiða til þess að úthlutað yrði kvóta til báta út frá reynslu þegar kerfið yrði aflagt. Síðan þá hefur strandveiðikerfið verið fest í sessi og hafa stjórnvöld ávallt staðið fast við að kerfið muni ekki mynda veiðireynslu til kvótasetningar. Ekki er þó hægt að líta framhjá því að strandveiðisjómenn hafa ýmsar hugmyndir um hvernig bæta megi kerfið og snúa þær flestar hverjar að fleiri veiðidögum og auknum afla sem eru kröfur sem verða líklega ávallt tengdar strandveiði. Ljóst er að smávægilegar breytingar ytri þátta hafa umtalsverð áhrif á veiðar lítilla útgerða og því spurning hvort og þá hvernig strandveiðikerfið geti mögulega komið til móts við báta innan kerfisins þar sem róður er meðal annars mjög háður tíðarfari.

9. Heimildaskrá

- Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytið (2009a). Nr. 15/2009 - sóknarfæri í íslenskum sjávarútvegi - áform um strandveiðar. Sótt af <http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/utgafa/frettir/eldri-frettir/sjrlan/nr/3380>
- Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytið (2009b). Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Jón Bjarnason undirritar reglugerðir um strandveiðar, frístundaveiðar og byggðakvóta. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2009/06/25/Sjavarutvegs-og-landbunadarradhera-Jon-Bjarnason-undirritar-reglugerdir-um-strandveidar-fristundaveidar-og-byggdakvota/>.
- Atvinnu- og Nýsköpunarráðuneytið (2016a). Fyrirkomulag strandveiða 2016. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2016/04/26/Fyrirkomulag-strandveida-2016/>.
- Atvinnu- og Nýsköpunarráðuneytið (2016b). Niðurstöður strandveiða 2016. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2016/08/30/Nidurstodur-strandveida-2016/>.
- Atvinnu- og Nýsköpunarráðuneytið (2017). Auknar aflaheimildir til strandveiða. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2017/08/04/Auknar-aflaheimildir-til-strandveida/>.
- Einar Pálsson (2012). *Strandveiðar í ljósi álits mannréttindanefndar SP nr. 1306/2004 um íslenska kvótakerfið „Allir menn eigu at veiða fyrir utan netlög at ósekju.“* Skemman. Sótt af https://skemman.is/bitstream/1946/14109/1/BS_ritger%C3%B0_Einar_P%C3%A1lsson.pdf.
- Fiskistofa (e.d.-a). Þorskígildisstuðlar. Sótt af <http://www.fiskistofa.is/fiskveidistjorn/stjornfiskveida/thorskigildisstudlar/thorskigildiStudlar.jsp>.
- Fiskistofa (e.d.-b). Strandveiðar. Sótt af <http://www.fiskistofa.is/fiskveidistjorn/umfiskveidistjornunar/kerfid/strandveidar/>.
- Fiskistofa (e.d.-c). Strandveiðar. Sótt af <http://www.fiskistofa.is/veidar/aflastada/strandveidi/strandveidiafli.jsp>
- Fiskistofa (e.d.-d). Strandveiðar. Sótt af <http://www.fiskistofa.is/veidar/aflaupplysingar/yfirlit-sidasta-fiskveidiars/strandveidar/>.
- Gísli Halldórsson (2010). Strandveiðarnar 2009: Markmið, framgangur og fiskveiðistjórnun. (Meistararitgerð, Háskólasetur Vestfjarða). Sótt af http://www.smabatar.is/SkyrslaStrandveidar_2009.pdf.
- Hagstofa Íslands (e.d.). Afli og verðmæti afla eftir kvótaflokkum skipa og heimahöfnum þeirra 1992-2016. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir_sjavarutvegur_aflatolur_kvotaflokkar/SJA09020.px/.
- Jónas R. Viðarsson, Sigurjón Arason, Sveinn Margeirsson, Guðjón Gunnarsson, Garðar Sverrisson, Örn Sævar Hólm og Þórhallur Ottesen (2011). Gæði strandveiðiafla 2011. Sótt af <http://www.matis.is/media/matis/utgafa/26-11-Gaedi-strandveidiafla-2011.pdf>.
- Mbl.is (2009). *22 tonn af þorski á fyrsta degi.* Morgunblaðið. Sótt þann 05.11.17 af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/06/29/22_tonn_af_thorski_a_fyrsta_degi/.
- Verðlagsstofa skiptaverðs (e.d.). Mánaðarlegar upplýsingar um fiskverð frá fiskistofu, mánaðrlegt. Sótt af <http://www.verdlagsstofa.is/index.php/fiskvere/manaearlegt> .
- Lög og reglugerðir:
- Reglugerð um strandveiðar fiskveiðiárið 2008-2009.
 - Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 550, 25. júní 2009, um strandveiðar fiskveiðiárið 2008/2009.
 - Reglugerð um strandveiðar fiskveiðiárið 2009/2010.
 - Reglugerð um veiðigjald og þorskígildi fiskveiðiárið 2010/2011.
 - Reglugerð um veiðigjald og þorskígildi fiskveiðiárið 2011/2012.
 - Reglugerð um strandveiðar fiskveiðiárið 2016/2017.
- Lög um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiði, aflamark, samstarf, tekjur af veiðigjaldi, tímabundin ákvæði).
- Lög um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.
- Þingskjal 1040, 138. löggjafarþing 370. mál: stjórn fiskveiða (strandveiðar). Lög nr. 32 30. apríl 2010

Viðauki. Spurningalisti sem lagður var fyrir.

1. Kyn
2. Fæðingarár?
3. Í hvaða sveitafélagi er lögheimili þitt?
4. Hvert er aðalstarf þitt?
5. Menntun?
6. Hefur þú áður gert út bát á fiskveiðar?
7. Hverjar voru meðaltekjur þínar á mánuði síðastliðinn vetur?
 - a) 0-249.999 kr.
 - b) 250.000-499.999 kr.
 - c) 500.000-749.999 kr.
 - d) 750.000-999.999 kr.
 - e) 1.000.000 kr. eða meira
- 8a. Ert þú aðaleigandi útgerðarinnar?
 - a) já
 - b) nei
- 8b. Ef nei: Átt þú hlut í útgerðinni?
 - a) já
 - b) nei
9. Hvert er lögheimili útgerðarinnar?
- 10a. Er útgerðin handhafi kvóta?
 - a) já
 - b) nei
- 10b. Ef já: Hve mikinn varanlegan kvóta átti útgerðin 1. júlí síðastliðinn?
- 11a. Leigir útgerðin til sín kvóta?
 - a) já
 - b) nei
- 11b. Ef já: Hve mikinn kvóta leigði útgerðin til sín á síðasta fiskveiðiári (2016/17)?
- 12a. Leigir útgerðin frá sér kvóta?
 - a) já
 - b) nei
- 12b. Ef já: Hve mikinn kvóta leigði útgerðin frá sér á síðasta fiskveiðiári (2016/17)?
- 13a. Er báturinn í eigu útgerðarinnar?
 - a) já
 - b) nei
- 13b. Ef nei: Er útgerðin með bátinn í leigu eða á láni?
14. Var báturinn eingöngu sjósettur vegna strandveiðanna?
 - a) já
 - b) nei
15. Hver er stærð bátsins í tonnum?
16. Hver er lengd bátsins í metrum?
17. Hvaða árgerð er báturinn?
18. Rerir þú sjálfur á bátnum?
 - a) já
 - b) nei
- 19a. Varstu með launað fólk á bátnum?
 - a) já
 - b) nei
- 19b. Ef já: Vann fólk upp á hlut, föst laun eða akkorð?
- 20a. Ertu eigandi að annarri útgerð?
 - a) já
 - b) nei
- 20b. Ef já: Er sú útgerð handhafi kvóta?
 - a) já

- b) nei
- 20c Ef já: Hve mikinni kvóta hafði sú útgerð 1. júlí síðastliðinn?
21. Hve margir dagar fóru í að undirbúa bátinn til veiða?
22. Hvenær var sótt um strandveiðileyfi fyrir bátinn?
23. Hvenær fékkst leyfið?
24. Hvenær hófust veiðar?
25. Hver var helsta löndunarhöfn þín meðan á strandveiðunum stóð?
26. Hve marga daga féllu veiðar niður vegna bilana?
27. Hve marga daga féllu veiðar niður vegna veðurs?
28. Hve marga daga féllu veiðar niður vegna annarra skuldbindinga?
29. Hvernig fannst þér veiðarnar ganga?
- Mjög vel
 - Vel
 - Hvorki né
 - Illa
 - Mjög illa
30. Hvað voru margir í áhöfn á bátnum?
31. Hve margar handfærarúllur voru á bátnum?
32. Hver telur þú að gæði þíns afla hafi verið á strandveiðunum 2017?
- Góð
 - Sæmileg
 - Léleg
33. Hvert var aflinn seldur?
- Fiskmarkað
 - Útgerðar
 - Annað
34. Hvert var meðalkílóverð sem þú fekkst fyrir þorskaflann?
- 100-149 kr
 - 150-199 kr
 - 200-249 kr
 - 250 kr eða meira
35. Hve mikill var útlagður undirbúningskostnaður þinn?
36. Hvert var heildaraflaverðmæti þitt nú í sumar?
37. Hverjar voru nettó tekjur þínar af veiðunum?
38. Hve mikilvægar eru veiðarnar fyrir afkomu þína?
- Mjög mikilvægar
 - Mikilvægar
 - Hvorki né
 - Ekki mikilvægar
 - Alls ekki mikilvægar
39. Hvort er þér mikilvægara, efnahagslegur ávinningur eða ánægjan af veiðunum?
- Efnahagslegur ávinningur
 - Ánægjan af veiðunum
 - Annað
40. Hve lengi hefur þú stundað strandveiðar?
41. Var daglega 650 þorskígildistonna hámarkið of mikið, of lítið eða hæfilegt?
- Of mikið
 - Of lítið
 - Hæfilegt
42. Var 14 klst hámark hveðrar veiðiferðar of mikið, of lítið eða hæfilegt?
- Of mikið
 - Of lítið
 - Hæfilegt

43. Finnst þér rétt að takmarka klukkustundafjölda í hverri veiðiferð?
- Já
 - Nei
44. Viltu láta taka upp dagatakmarkanir í strandveiðunum (fjöldi daga á bát, sóknarmark)?
- Já
 - Nei
- 45a. Viltu hafa fyrirkomulag banndaga með öðrum hætti en á föstudögum, laugardögum og sunnudögum?
- Já
 - Nei
- 45b. Ef já: Hvernig myndirú vilja útfæra það?
46. Finnst þér að skipstjórar ættu að ráða hvaða 4 daga vikunnar þeir róa?
- Já
 - Nei
47. Finnst þér úthlutun afla á þínu svæði samanborið við önnur svæði hafa verið of lítil, hæfileg eða of mikil?
- Of mikil
 - Hæfileg
 - Of lítil
48. Hvernig telur þú núverandi svæðaskiptingu henta?
- Mjög vel
 - Vel
 - Hvorki né
 - Illá
 - Mjög illá
49. Hve stórt hlutfall strandveiðisjómanna teluru að stundi ólöglegt brottkast?
- 10%
 - 20%
 - 30%
 - 40%
 - 50%
 - 60%
 - 70%
 - 80%
 - 90%
 - 100%
50. Þurftir þú að kasta einhverjum afla fyrir borð?
- Já
 - Nei
51. Hvert telur þú að efnahagslegt mikilvægi strandveiða fyrir þína heimahöfn sé?
- Mjög vel
 - Vel
 - Hvorki né
 - Illá
 - Mjög illá
52. Hvert telur þú að samfélagslegt mikilvægi strandveiða fyrir þína heimahöfn sé?
- Mjög vel
 - Vel
 - Hvorki né
 - Illá
 - Mjög illá
53. Hversu sátt/ur ertu við núverandi strandveiðikerfi?
- Mjög sátt/ur
 - Sátt/ur
 - Hvorki né
 - Ósátt/ur

- e) Mjög ósátt/ur
54. Hvernig hentar veiðitímabilið maí - ágúst?
- a) Mjög vel
 - b) Vel
 - c) Hvorki né
 - d) Illa
 - e) Mjög illa
55. Í hvaða mánuði viltu að strandveiðar hefjist?
56. Hversu marga mánuði telur að strandveiðitímabilið ætti að standa?
57. Hvaða breytingar vilt þú helst sjá gerðar á strandveiðum fyrir næsta ár?
58. Hvað er hægt að gera til að þjóna byggðunum betur með strandveiðum?
59. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi fyrirkomulag strandveiðanna?